


# Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Leikskólinn Klettaborg

2015 – 2016



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

**Að börnum og ungmennum í borginni líði vel,  
fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.**

## Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla.....	3
Leiðarljós leikskólans:.....	4
1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári.....	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun .....	7
2.1 Innra mat leikskólans.....	7
2.2 Ytra mat .....	16
2.3 Matsáætlun .....	17
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	19
1. Málþroski, læsi og lesskilningur.....	19
2. Verk-, tækni- og listnám .....	19
3. Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi.....	20
4. Fjölmening.....	20
5. Gæði og fagmennska .....	21
3.2 Aðrar/fleiri áherslur sem hafa ekki nú þegar komið fram í starfsáætlun leikskólans .....	21
4. Starfsmannamál .....	23
4.1 Starfsmannahópurinn 1. júní.....	23
4.2 Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning).....	23
4.3 Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.).....	23
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	24
5. Aðrar upplýsingar .....	25
5.1 Barnahópurinn 1. júní.....	25
5.2 Foreldrasamvinna.....	25
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla .....	25
5.4 Almennar upplýsingar .....	26
6. Fylgiskjöl .....	27
• 1- Mat á vetrarstarfinu 2014-2015, einstaklingsvinna	
• 2- Dagatal leikskólans 2015-2016	
• 3- Dagatal foreldra 2015-2016	
• 4- Jafnréttisáætlun	
• 5- Elstu börnin, skólaskil	
• 6- Skólanámksrá, umsögn foreldraráðs	
• 7- Starfsáætlun, umsögn foreldraráðs	

## Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun Leikskólasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

## Leiðarljós leikskólans:

Gleði, virðing og öryggi eru leiðarljós Klettaborgar ásamt því að málumhverfi barnanna sé frjótt og skapandi.

### 1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári

Leikskólastarfið í heild gekk vel. Áætlanir stóðust að mestu leyti, þó eru alltaf einhver verkefni sem ekki næst að vinna að eins og áætlað hefur verið. Sum verkefni þurfa lengri tíma til að festa rætur í starfinu og önnur verkefni hafa vikið vegna tímaleysis eða annarra ófyrirséðra aðstæðna t.d. eins og mikilla forfalla í starfsmannahópnum.

Í október fór leikskólastjóri í 50% veikindaleyfi og var í því þar til í apríl að veikindleyfið var 100%, en kom í fulla vinnu aftur í maí. Vegna þessara forfalla, þá voru ýmiss verkefni í leikskólastarfinu með minni eftirfylgd en ella.

Eitt aðalverkefni leikskólans þennan vetur var vinna að nýrri skólanámskrá. Mikil vinna hefur verið hjá starfsmönnum við að draga fram áherslur, leiðir og mat í leikskólastarfinu og tengja það við aðalnámskrá menntamálaráðuneytisins. Leitað var til Ingibjargar E. Jónsdóttur leikskólakennara um að taka að sér verkefnastjórn við að setja skólanámskrána í aðgengilegt og skýrt form út frá gögnum leikskólans. Í maí/júní var skólanámskráin tilbúin til umsagnar hjá foreldraráði og til staðfestingar hjá SFS.

Við gerð skólanámskrár var „skerpt“ á ýmsum verkefnum og þau útfærð betur í leikskólanum. Skil elstu barnanna til næsta skólasamfélags voru sett í ákveðnari farveg. Foreldrar fá bréf um skólaskilin, mæta á fund með deildarstjóra og fulltrúa grunnskóla og fara yfir upplýsingarnar saman sem fara til grunnskólans. Barnið hefur áður sett fram sínar hugmyndir um næsta skólástig sem fer einnig til grunnskólans. Í fylgiskjölum er bréfið sem fer til foreldra.

Innleiðing á „Grænum skrefum“ heldur áfram og nú er kominn tími til að fjölga þeim skrefum sem hægt er að fá viðurkenningu fyrir.

Þessi vetur er sá fimmti þar sem unnið var með þjóðsögu með öllum börnum. Fyrir valinu var „Gýpa“. Verkefnið var undirbúið í starfsmannahópnum fyrir áramót og fór til barnanna eftir áramót. Allir eru sammála um að það hafi verið skemmtilegt bæði fyrir börn og starfsfólk. Þessi saga höfðaði vel til barnanna og var græðgi Gýpu mikið í umræðunni hjá þeim.

Þó svo að nokkuð álag hafi verið eftir áramót vegna faliðunar í starfsmannahópnum, þá lögðust allir á eitt og létu þetta verkefni hafa forgang í vinnu með börnunum. Í verkefnum elstu barnanna um Reykjavíkurborg, fékk Gýpa sinn stað og tíma og tókst vel að flétta því saman.

Í foreldrakönnun (apríl '15) kom fram að foreldrar eru ánægðir (100%) með þjóðsöguverkefni í leikskólanum. Foreldrar eru ánægðir (97%) með að fá orðskýringar úr þjóðsögunni heim og segja að barnið tali um þjóðsöguna (87%) heima. Foreldrar taka þátt í þessu verkefni m.a. með því að lesa þjóðsöguna (100%) heima með barninu.

Matsteymi leikskólans sem stofnað var veturinn 2010-2011 er enn að þróa sína vinnu og aðkomu að mati á leikskólastarfinu. Haldnir voru tveir fundir á þessum vetri. Matsteymið fylgdi ekki nægilega vel eftir matsáætlun og er þar helsta ástæðan fjarvera leikskólastjóra og að mikill tími fór í námskrárvinnu.

Frá haustinu 2013 hefur verið keyptur hádegismatur í leikskólann frá fyrirtækinu Hollt í hádeginu. Sú ákvörðun var tekin eftir að auglýst hafði verið þrisvar sinnum eftir matráði, um sumarið/haustið, án árangurs. Hádegismaturinn kemur foreldaður og er loka eldun og hitun gerð í Klettaborg. Matseðill með næringarútreikningi yfir vikuna kemur í leikskólann fyrir 8 vikur í senn. Mjög vel er staðið að afhendingu matarins og ákveðið skráningarferli sem tryggir gæði í framreiðslu. Allt sérfæði er mjög öruggt fyrir þau börn sem þess þurfa.

Það er tvímælaust þó nokkru dýrara að kaupa hádegismatinn, en að matreiða á staðnum. Þessi umframkostnaður er rúmlega kr. 200.000.- á mánuði. Sótt var um viðbótarfjármagn til SFS til þess að brúa það bil. SFS samþykkti að greiða um kr. 155.000.- á mánuði. Auglýst var eftir matráði haustið '14 án árangurs og aftur í febrúar '15. Matráður kom til starfa í apríl við mikla ánægju allra. Hún hætti um sumarið, vegna persónulegra ástæðan. Eftir sumarlokun í ágúst '15 verður aftur farið að kaupa hádegismatinn frá áður nefndu fyrirtæki.

Starfsviðtöl við starfsmenn stóðust ekki áætlun vegna forfalla leikskólastjóra. Um haustið komu nokkrir starfsmenn í viðtal, en engin viðtöl voru um vorið.

Í hópumræðu um vetrarstarfið í maí 2015 kom þó fram að starfsmönnum finnst vanta tíma til samræðna í hópnum, bæði fyrir deildarstarfsmenn og hópinn í heild. Helsta ástæðan er sú að það falla oft niður ýmsir fundir/samráð vegna faliðunar. Ekki er hægt að ganga að því vísu að fundartímar/samráðstímar sem ákveðnir eru samkvæmt ársáætlun gangi upp, því á dögum þegar faliðun er, þá er í forgangi að sinna börnum.

SFS gerði könnun meðal starfsmanna í mars 2015 og komu flestir þættir í könnuninni nokkuð vel út og voru yfir meðaltali allra leikskóla Reykjavíkurborgar. Sjá nánar í kafla 2.2 Ytra mat.

Lokað var í fjórar vikur að sumri vegna sumarleyfa. Er þetta gert vegna hagræðingar í rekstri.

Klettaborg fagnaði 25 ára afmæli þann 1. júní 2015 með hátíðarhöldum í leikskólanum.

Samningur um samstarf um kennaramenntun við Menntavísindasvið H.Í var endurnýjaður til þriggja ára.

Flest elstu börnin hætta um sumarlokun leikskólans eða þegar grunnskóli hefst og því komu fá ný börn yfir sumarið. Aðlögun nýrra barna er að mestu í lok ágúst og september. Þátttökuaðlögun hélt áfram þennan vetur og er mikil ánægja með þessa aðferð meðal foreldra og starfsmanna. Gerð var könnun meðal foreldra sem komu með barn í aðlögun sumar/haust 2014 um aðlögunina. Foreldrar telja vel tekið á móti þeim og barni sínu (100%). Þau eru ánægðir með þetta fyrirkomulag og telja lengd aðlögunar (3-4 dagar) góða (100%) og tímann á hverjum degi hæfilega langan (95%). Foreldrar nefna sem helsta kostinn við þetta fyrirkomulag að þau kynnast leikskólastarfinu og starfsfólkinu vel og vita hvernig dagurinn gengur fyrir sig.

Þrengt hefur verið að rekstrarumhverfi leikskóla með því að minnka afleysingu og fækka eftirvinnutímum. Erfitt er að halda uppi áætlunum starfi með þeim verkefnum sem fyrirhuguð eru í starfsáætlun þegar forföll verða.

Í vetur settu forföll í starfsmannahópnum mark sitt á starfið, því ekki fékkst afleysing eins og þörf hefði verið á. Það bitnar m.a. á því að dagskipulagið verður einfaldað og ákveðnir þættir/verkefni falla niður og kennarar komast síður í undirbúningstíma.

Einu sinni voru börn (alls 7 börn) send heim vegna faliðunar í starfsmannahópnum, því ekki var talið að mati leikskólastjóra að öryggi þeirra væri tryggt. Á hverju hausti er uppfærð viðbragðsáætlun vegna öryggis barna ef forföll starfsmanna fara yfir ákveðin mörk.

Rekstrarfjármagn er reiknað að mestu út frá barnafjölda og dvalarstundum. Matarkostnaður á barn er áætlaður kr. 7,301.- á mánuði (miðað við 11 mánuði), það er hækkun um kr. 1.000.- frá síðasta ári.

Námsgagnakostnaður (allt leikefni, inni og úti, bækur, spil, listvörur o.fl. ) er áætlað kr. 165,- á mánuði (miðað við 11 mánuði =1.815.- á ári), menningar- og listasjóður er kr. 42,- á mánuði (miðað við 11 mánuði = 463.- á ári), engin hækkun hefur verið á þessa liði á milli ára.

Sem dæmi um raunkostnað á leikefni kostar lítil skófla um 195,- kr., stór skófla með löngu handfangi um 1,375,- kr. lítill trélitapakki um kr. 1,275,-

Námsgagnakostnaður pr. barn yfir árið er kr. 1,815,- og það sýnir sig að það dugar skammt í innkaupum á námsgögnum.

Mánaðarlega er fjármagnspörf leikskóla endurreiknuð og færð til samræmis við barnafjölda og dvalartíma og breytist fjárhagsúthlutun því í hverjum mánuði afturvirk. Erfitt er að vinna með óraunhæfa fjárhagsáætlun ár eftir ár og geta ekki treyst á ákveðið fjármagn.

Foreldraráð kom á fund í janúar með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og fór yfir starfsáætlunina og fyrirkomulag sumarleyfa. Í mars var fundur með foreldraráði og farið yfir drögin að skólanámskránni. Mikil og góð umræða var um ýmsa þætti/áherslur og útlit. Foreldraráðið lýsti yfir ánægju sinni með þessa skólanámskrá, finnst hún vel sett fram, innihald aðgengilegt og lýsandi fyrir starfið. Í júní gerði foreldraráðið umsögn um skólanámskrána sem fylgdi námskránni til umfjöllunar hjá SFS.

Allar formlegar kannanir sem hafa verið gerðar í vetur verða á heimasíðu leikskólans.

Mikil umræða var hjá starfsmönnum um álag í starfi sem kemur fram í könnunum SFS. Þar er spurt hvort álag sé of mikið þegar á heildina er litið og hvort álag hafi aukist s.l. 12 mánuði. Niðurstaðan er sú að starfsmenn leikskóla og allir starfsmenn SFS og allir starfsmenn Reykjavíkurborgar telja að álag í starfi sé mjög mikið og hafi aukist s.l. 12 mánuði.

Mælikvarðinn er 1-10 þar sem 1 er mjög mikið álag og 10 er ekkert álag.

Hér eru tölur úr könnuninni vorið 2015

Starfsmenn í leikskólum	3,6
Leikskólastjórar	2,7
Allir starfsmenn SFS	3,7
Allir starfsmenn hjá Reykjavíkurborg	3,8

Starfsmenn telja þetta alvarlega vísbendingu sem bæði SFS og Reykjavíkurborg þurfa að skoða og greina enn frekar í hverju álagið liggur hjá starfsmönnum.

Starfsmenn telja að álagið í leikskólanum sé að mestu vegna fáliðunar.

## 2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

### 2.1 Innra mat leikskólans

Mat á starfinu fer fram yfir allt skólaárið.

Matsaðferðir Klettaborgar eru bæði formlegar og óformlegar. Allir starfsmenn koma að mati leikskólastarfsins á einhvern hátt. Leikskólastjóri ásamt öðrum stjórnendum og matsteyminu sjá um samantektina og skýrslugerð.

#### Formlegt mat:

- Þar er stuðst m.a. við athuganir, skráningar, kannanir, útfyllingu lista og þroskapróf. Eftirfarandi matsgögn eru notuð: Hljóm 2 (athugun á hljóð- og málvitund elstu barnanna, Íslenski þroskalistinn (næst elstu börn), ECERS kvarði (matstæki starfsmann um ýmsa þætti í leikskólastarfi), Gátlisti um sjálfsmynd og félagsfærni (útg. af SFS) og ýmsir formlegir skráningarlistar (útbúnir af kennurum Klettaborgar) sem gefa upplýsingar um þá þætti sem verið er að meta/skoða.
- Einnig fengu foreldrar spurningakönnun frá leikskólanum. Um haustið '14 fengu foreldrar sem byrjuðu með barn sitt í leikskólanum um sumarið-haustið spurningkönnun um aðlögunina – sjá umfjöllun í kafla 1. „stutt greinagerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári. Einnig setti Klettaborg inn sérstakar spurningar í almenna foreldrakönnun sem SFS gerði í apríl '15. Þar var spurt um þjóðsöguna, útiveru barna og tölvupóstfréttir frá deildum.

#### Óformlegt mat:

- Það fer fram m.a. í umræðuformi og í viðtölum. Á ýmsum fundum (starfsmannafundum, deildarfundum, deildarstjórafundum), skipulagsdögum og í starfsviðtölum. Umræður eru oftast eftir fyrirframgefnum spurningum til þess að fá sýn og mat starfsmanna á ákveðna þætti í starfinu. Á deildarfundum yfir veturinn verða ýmsar umbætur í starfinu s.s. breyting á ákveðnum þætti (samverustund) og eru slíkar breytingar metnar í lok vetrar.

### **Eftirfarandi þættir eru úr starfsáætlun (og matsáætlun)**

#### **2014-2015 ásamt niðurstöðum á mat þeirra:**

### **Fastir liðir í árlegu mati leikskólans 2014-2015:**

#### **Næst elstu börn – þroskamát**

September '14 – mæður fylltu út Íslenska þroskalistann. 14 börn fengu listann, listanum var skilað fyrir þau, 2 fengu ekki lista v/ tungumáls móður.

Foreldrar fengu niðurstöður. Foreldrar þeirra barna sem komu slök út fengu sérstakar leiðbeiningar.

### **Sjálfsmynd og félagsfærni**

September – október '14 var áætlað að fylla út þennan lista frá SFS fyrir öll börn sem nema þau sem byrja í júní-september.

Listinn var fylltur út fyrir öll börn um áramótin '14-'15 og niðurstöður nýttar í foreldraviðtöl og í einstaklingsáætlun. Það er mat deildarstjóra að vegna innritunar í ágúst- september og flutninga barna á milli deilda, þá sé ekki raunhæft að fylla út þennan lista, nema hjá þeim börnum sem eru ennþá á „sinni“ deild þennan vetur þ.e. færast ekki á milli deilda um haustið.

### **Elstu börn – hljóðkerfisathugun**

September '14 og janúar '15 – aðstoðarleikskólastjóri notaði Hljóm2 prófið með 18 af 20 elstu börnunum. Þrjú af þessum börnum eru með annað móðurmál en íslensku og með slakan málþroska. Í janúar var Hljóm2 endurtekið hjá þeim börnum sem voru slök og höfðu þau bætt sig verulega. Foreldrar fengu niðurstöður. Foreldrar þeirra barna sem voru slök fengu leiðbeiningar. Niðurstöðum var skilað til grunnskóla um vorið.

### **Fræðsluverkefni fyrir áramót**

Yngri deildir unnu þemaverkefni um fiska og eldri deildirnar unnu þemaverkefni um vináttu. Á skipulagsdegi í nóvember mátu starfsmenn verkefnið í umræðu. Verkefnin flæddu eftir áhuga barnanna. Börnin voru áhugasöm og sýndu gleði í vinnunni. Mörg verkefni voru gerð m.a. gerðu yngstu börnin myndskreytta ljóðabók um fiska. Foreldrar tóku virkan þátt í fiskaverkefninu m.a. komu með lifandi sjávardýr í heimsókn (gullfisk, sniglar í fötu) ásamt kuðungum og skeljum. Pétur og úlfurinn – þetta verkefni náði ekki að skipa sér sess á yngri deildum en hlustað var á tónlistina og farið yfir söguna.

Á eldri deildum varð þetta verkefni virkara, þar var tónlistin, sagan og ýmiss verkefni unnin sem tengdust því.

Leiksýning um Pétur og úlfinn var sýnd í leikskólanum fyrir öll börnin og gaf það „kraft“ inni verkefnið.

### **Jákvæð og glaðleg samskipti**

Skráningar í október – nóvember '14 þ.e. 2x tvær vikur og aftur í mars-apríl '15.

Eftir fyrri skráningar, var farið yfir þær á deildarfundum og gerð áætlun um viðbrögð þar sem þess þurfti.

Eftir seinna skráningartímabil, náðist ekki að fara yfir skráningarnar nógu vel, vegna faliðunar.

Allir starfsmenn telja að þessi skráning sé mjög gagnleg, auki meðvitund um jákvæð og glaðleg samskipti og gefi vísbendingar um þau börn sem oft er verið að leiðrétta í „réttu“ hegðun.

Það er ástæða til að fylgja þeim börnum betur eftir og styðja til betri vegar. Þetta verkefni er að festa rætur í leikskólanum og verður næsta vetur.

### **Fræðslustarfmappan**

Myndræn skráning á verkefnum vetrarins ásamt vefum (könnunaraðferðin) frá öllum deildum fór inni fræðslumöppuna. Mappan er aðgengileg öllum starfsmönnum. Haldið verður áfram að setja hugmyndir og vinnuferla í möppuna.



## **Þjóðsagan**

Allir starfsmenn tóku þátt í stöðumati á þjóðsögunni Gýpu í mars. Í heildina gengur verkefnið vel. Sagan er lesin á hverjum degi á öllum deildum í upphafi. Á yngri deildum er sagan lesin lengur á hverjum degi (alveg í 6 vikur) en eftir um 3 vikur á eldri deildum er sagan lesin 2-3 x í viku. Sagan er frekar stutt og höfðaði til barnanna, þau voru fljót að læra söguna. Endursögn barnanna var ítarleg, þau höfðu góða yfirsýn yfir söguþráðinn og flestar persónur/atburði sem voru í sögunni. Börnin voru mjög áhugasöm og skapandi í öllu starfinu. Þau tengja ýmsa þætti úr sögunni inni leikinn og daglegt líf (matmálistíma, gönguferðir, samskipti sín á milli). Foreldrar fá þjóðsöguna heim og eru hvattir til að lesa hana með barninu sínu. Foreldrar sem tala litla íslensku fá hana á hljóðdisk.

<b>Í foreldrakönnun í apríl 2015 var spurt um þjóðsöguna</b>	Sammála	Ósammála
Ég las söguna af Gýpu með barninu mínu	100%	
Ég var ánægð/ur með orðskýringar sem fylgdu sögunni	97%	3%
Barnið mitt talar um þjóðsöguna heima	87%	13%
Ég er ánægð/ur með verkefnið um þjóðsögur í leikskólanum	100%	

## **Dagskipulagið á deildum og ýmis föst verkefni**

Á deildarfundum og öðrum vinnufundum var farið yfir dagskipulagið á deildum ásamt því að skoða ákveðna þætti/verkefni sem starfsfólk vildi skoða betur. Alltaf eru einhverjar breytingar á dagskipulaginu sem gerast jafnt og þétt eftir aðstæðum hverju sinni.

Á elstu deildinni var kröftugur barnahópur sem þurfti stuðning til betri hegðunar. Þar kom hegðunarráðgjafi (sálfræðingur) inn með ráðgjöf og í kjölfarið voru gerðar breytingar sem stuðluðu að meiri festu fyrir barnahópinn og vinnureglur starfsmanna voru skoðaðar.

Á öllum deildum var gerð breyting á nóh-hressingu – sjá hér að neðan.

## **Matsþættir vegna umbótaáætlun 2014-2015**

### **Nónhressing**

#### **Nón-hressing Fálkaklettur og Arnarklettur**

Í síðdegshressingu verður oft óróleiki/óþolinmæði hjá börnum vegna þess hversu mikill tími fer í bið. Sum börn eru fljót að drekka og verða að bíða eftir hinum. Þá verða samskipti neikvæð og það skapast streita og álag hjá öllum (börnum og kennurum). Einnig verður mikið álag ef það er faliðun í starfsmannahópnum.

**Umbætur** – ákveðið að hafa „flæði“ í nónhressingu. Þá verður eitt borð á deildinni (eða í salnum/listaksála) fyrir nónhressinguna, börnin geta verið í leik og fengið sér að drekka þegar þau vilja á þessum ákveðna tíma. Samverustund í núverandi mynd breytist þ.e. það verður ekki föst samverustund fyrir alla eftir nónhressingu – skoðað verður í haust með tilboð um samverustundir/lesstundir á þessum tíma fyrir þau börn sem hafa áhuga.

#### **Nón-hressing Hrafnaklettur og Kríuklettur**

Ákveðið að hafa óbreytt fyrirkomulag a.m.k. í byrjun hausts en skoða það aftur í vetur. Samverustundir eftir nónhressingu eru mjög skemmtilegar og njóta börnin sín vel í þeim.

### **Niðurstaða:**

Eldri deildir breyttu nóh-hressingu í „flæði“ um haustið. Í nóvember var umræðumat á deildum. Að mati starfsmanna gengur það mjög vel, börnin eru ánægð með þetta fyrirkomulag. Það verður lengri leiktími og enginn biðtími eftir „öllum“ börnunum sem eru að koma sér fyrir bæði í upphafi og lok nóh-hressingar.

Yngri deildar breyttu nón-hressingu í eins flæði eftir áramótin. Í maí var umræðumat á þeim deildum og að þeirra mati hefur þetta gengið mjög vel. Börnin rólegri, ekkert stress og enginn biðtími hjá þeim.

Á yngri deildum er boðið uppá samverustund þegar öll börnin eru búin að drekka og þau eru tilbúin til þess.

Í heildina þá hefur þetta gengið mjög vel á öllum deildum.

### **Mat –sýn barna**

#### **Mat á starfinu – sýn barna Allar deildir**

Halda þarf áfram að fá viðhorf/líðan barna á hin ýmsu verkefnum leikskólans. Á síðasta vetri voru tvær deildir sem könnuðu viðhorf barna gagnvart ákveðnum þáttum. Betur má ef duga skal.

**Umbætur** – hver deild velur aðferð/verkefni /aðstæður til að fá fram sjónarmið og viðhorf barna og leitar leiða til umbóta þar sem það á við.

### **Niðurstaða:**

Ekki náðist þetta markmið hjá öllum deildum. Ýmsar ástæður eru tilgreindar fyrir því s.s. tímaleysi – það þarf að undirbúa það með starfsmönnum og finna leiðir sem henta, faliðun – þá verður að sleppa einhverju í starfinu (þessu var sleppt).

Önnur yngri deildin fékk sýn barnanna á þjóðsöguverkefninu. Börnin voru spurð hvort þeim hafi fundist skemmtilegt eða leiðinlegt að gera endursögn og mynd af Gýpu. Til þess að hjálpa þeim að skilja hugtökin skemmtilegt og leiðinlegt voru notaðir broskarl og fýlukarl. Útskýrt var hvernig hugtökin tengjast körlunum þ.e. þessum sem brosir finnst skemmtilegt að gera ýmis verkefni, en hinum finnst leiðinlegt að gera ýmis verkefni í leikskólanum.

Nokkur börn voru spurð hvað væri skemmtilegast í leikskólanum.

Markmiðið með verkefni sem þessu er að fá sýn barnann á þau viðfangsefni sem eru í leikskólanum.

Þau öðlist skilning á spurningum sem þessum og eigi auðveldara með að segja hvað þeim finnst.

Endursögn – 16 börnum fannst það skemmtilegt, en 2 börnum leiðinlegt.

Gera mynd af Gýpu – 16 börnum fannst það skemmtilegt, en 2 börnum leiðinlegt.

Skemmtilegast í leikskólanum – 12 börn svöruðu. Þau nefndu að vera úti, vera í legó, vera í dúkkó, vera með vini, vera í sjóræningja playmó, að mála, að pússla og eitt barnið sagði „gaman í leikskólanum“.

Næsta vetur verður unnið áfram með að fá mat og sýn barna á viðfangsefni leikskólans og lögð áhersla á að þróa það á eldri deildum.

### **Náttúrusvæðið Óðal**

#### **Náttúrusvæðið Óðal Fálkaklettur**

Ekki náðist markmið frá s.l. vetri um að vinna með náttúrusvæðið Óðal í nágrenni leikskólans.

**Umbætur** – Hver hópur fer 2x í mánuði í Óðal, unnið með veðráttuna, árstíðir og gróðurinn. Myndir teknar mánaðarlega og rýnt í náttúruna. Gera áætlun um ræktun og tilraunir í vinnustundum.

Deildarstjóri gerir áætlun og skráningarblað.

### **Niðurstaða:**

Ekki náðist að fara í allar ferðirnar – það verður skoðað enn frekar næsta ár. En í þeim ferðum sem farið var, voru teknar myndir sem sýndu breytingar á náttúrunni á þessum árstímum.

### **Samverustundir**

#### **Samverustundir Arnarklettur**

Á deildarfundum í apríl var ákveðið að breyta samverustundum, því ákveðin börn áttu erfitt með að vera í þessum stundum, trufluðu mikið og nutu þess ekki að vera í þeim verkefnum sem hópurinn hafði gaman

af (lestur, söngur, samræður o.fl.).

**Umbætur** – ákveðið að vera með tvískipta samverustund þannig að börnin njóti sín betur í fámennari hóp og hafi viðfangsefni/verkefni sem þeim þykir ánægjuleg.  
Í lok máí var aftur rætt um reynsluna af þessu fyrirkomulagi og ákveðið að halda því áfram næsta vetur

#### Niðurstaða:

Ekki náðist að hafa samverustundir alltaf tvískiptar vegna faliðunar á deildinni. En brugðist var við með því að bjóða börnum önnur verkefni eftir aðstæðum.

#### Jákvæð og glaðleg samskipti

##### **Jákvæð og glaðleg samskipti Hrafnaklettur og Krjúklettur**

Á deildarfundum í apríl var farið yfir skráningar á seinna tímabilinu – ekki var farið yfir skráningar á fyrra tímabilinu.

**Umbætur** – umræðumat á niðurstöðum skráninga verði eftir hvert skráningartímabil. Aðgerðaráætlun gerð fyrir þau börn sem ástæða þykir til þ.e. þau börn sem fá sjaldan jákvæð og glaðleg samskipti frá starfsmönnum og þau börn sem oft er verið að leiðrétta í „réttu“ hegðun.

#### Niðurstaða:

Á deildarfundum var farið yfir skráningarnar og gerðar áætlanir fyrir þau börn sem fengu oft „leiðréttu hegðun“, á þann hátt að setja orð á „réttu“ hegðun hjá þeim að fyrra bragði til þess að efla þau í því. Þetta verkefni er að festa sig í mati leikskólans og telja starfsmenn að þessi skráning sé mjög gagnleg, auki meðvitund um jákvæð og glaðleg samskipti og gefi vísbendingar um þau börn sem oft er verið að leiðrétta í „réttu“ hegðun og að þá sé ástæða til að fylgja þeim börnum betur eftir og styðja til betri vegar.

#### Út frá umsögn foreldraráðs vorið 2014 var ákveðið að taka eftirfarandi þætti í umbótaáætlun:

- Foreldrar upplýstir um niðurstöður kannana
- Upplýsingaflæði til starfsmanna um fréttir/skilaboð til foreldra
- Þátttaka foreldra í starfinu

#### Foreldrar upplýstir um niðurstöður kannana

##### **Foreldrar upplýstir um niðurstöður kannana**

Í dag fá foreldrar upplýsingar um niðurstöður úr könnunum í fréttabréfi, í starfsáætlun sem allir foreldrar fá og á heimasíðu. Þessar fréttir tynast eða hverfa fljótt af heimasíðunni, því nýjar fréttir ýta þeim eldri til hliðar.

**Umbætur** - ákveðið að setja sérstaka krækju á heimasíðuna þar sem niðurstöður kannana verða settar inn, þá er það auðfundið fyrir þá sem hafa áhuga.

#### Niðurstaða:

Sett var krækja á heimasíðuna og kannanir eru þar inni.

#### Upplýsingaflæði til starfsmanna um fréttir/skilaboð til foreldra

##### **Upplýsingaflæði til starfsmanna um fréttir/skilaboð til foreldra**

Deildarstjórar senda fréttir í tölvupósti til foreldra um starfið og viðfangsefni. Starfsmenn hafa ekki aðgang að þeim pósti og vita því ekki alltaf hvað hefur verið sent til foreldra.

**Umbætur** – ákveðið að senda afrit af öllum póstum til foreldra á starfsmenn deilda.

#### Niðurstaða:

Allir starfsmenn deildarinnar fá deildar-fréttapóst sem sendur er til foreldra. Starfsmenn eru ánægðir með þetta, en vilja meira. Á skipulagsdegi í maí '15, var rætt um að auka þetta þ.e. að allir starfsmenn leikskólans fái deildar-fréttapósta frá öllum deildum. Verður í umbótaáætlun v/ýtra mat næsta vetur.

## Pátttaka foreldra í starfinu

### Pátttaka foreldra í starfinu

Þó foreldrar séu ávallt velkomnir í leikskólann og að taka þátt í ýmsum viðfangsefnum, þá eru foreldrar ekki að nýta sér það neitt að ráði. Hugsanlega er það ekki mjög sýnilegt fyrir foreldra að þeir séu velkomnir í starf leikskólans.

**Umbætur** – ákveðið að setja inn „fasta“ setningu í alla pósta til foreldra þar sem fram kemur að þeir séu ávallt velkomnir að staldra við með barninu í leikskólanum. Einnig að hver deildarstjóri nýti þau tækifæri sem gætu verið í því að tengja foreldra við starfið s.s. þá foreldra sem gætu kynnt eitthvað úr sínu starfi, foreldra sem gætu verið með menningar/lista innlegg í starfið, foreldrar sem hafa áhugamál sem gaman væri að fá innsýn í.

### **Niðurstaða:**

Ekki var sett inn „föst“ setning í pósta til foreldra vegna frumkvæðaleyfis starfsmanna í þeirri vinnu. Deildarstjórar hvöttu foreldra til að vera þátttakendur í starfinu í deildarpóstum sínum. Það skilaði sér í flestum deildum. Má þar nefna að foreldrar á annarri yngri deildinni komu með ýmsa hluti í tengslum við fiskaverkefnið (gullfisk í búri). Einnig kom faðir og kynnti 112 verkefnið fyrir elstu börnunum.

Í foreldrakönnun SFS í apríl '15 telja 92% foreldra að leikskólinn hvetji þau til þátttöku í starfinu.

## **Matsþættir vegna áherslur í starfi leikskólans** **2014-2015 og verkefna tengdum starfsáætlun SFS**

### Þáttur samkvæmt matsáætlun Klettaborgar

Að hausti er ákveðið sérstakt matsverkefni í starfinu út frá matsáætlun leikskólans. Allir starfsmenn koma að því að velja það verkefni og vinna að matsgögnum fyrir það ásamt áætlun um framkvæmd. Að auki er verið að vinna að endurskoðun skólanámskrár og verður gert stöðumat í lok vetrar. Það er líklegt að ýmsir þættir í skólastarfinu verði metnir í tengslum við endurskoðun á skólanámskrá t.d. ýmiss „föst“ og hefðbundin verkefni.

### **Niðurstaða:**

Ákveðið var að fella þetta niður í ár, því mikil vinna var í skólanámskrágerð.

Unnið var í skólanámskránni allan veturinn. Ingibjörg E. Jónsdóttir leikskólakennari, var fengin til að taka saman texta úr vinnugögnum kennara og setja námskrána upp í aðgengilegt form. Starfsmenn komu að þeirri vinnu jafnt og þétt eftir áramótin. Þegar skólanámskráin var tilbúin eftir ítarlega umfjöllun og yfirlestra í starfsmannahópnum og hjá foreldraráði, voru allar athugasemdir teknar til athugunar og niðurstaða þeirra kynntar starfsmönnum.

Ljóst er að ýmsir þættir í skólanámskránni gefa tækifæri til að vinna meira og betur að ákveðnum verkefnum. Starfsmenn nefndu þessa þætti í áframhaldandi vinnu í leikskólanum:

leikskólaperlan – fræðsla fyrir starfsmenn,

gildin í leikskólanum – gera sýnileg (myndræn + texti), grænu skrefin – tengja betur við börnin,

vísindapokar – í vettvangsferðum,

ferilmappa og skráningar – setja í starfsáætlun.

Mikil og góð umræða var um skólanámskrána á lokasprettinum. Uppsetning er aðgengileg og kallar á að hún sé lesin, myndir af verkefnum eru lýsandi fyrir starfið.

### **Leikið með orð**

#### **Læsisstefna Skóla- og frístundasviðs**

- Markmið að allir þættir í læsisstefnu SFS hafi tengsl inni starf/verkefni í leikskólanum.

- Tengja verkefni/starf í leikskólanum við læsisstefnuna.
- Deildarstjórar eru ábyrgir.
- Metið með skráningu yfir veturinn – skoðað um áramót og í apríl/maí.
  - ✓ Leikskólinn mun tengja verkefnið Lestrarhátíð í Bókmenntaborg sem verður í október og ber yfirskriftina **Leikið með orð**, inni starfið. Þemað er „ritlist og kímnar smásögur“.
  - ✓ Deildarstjórar eru ábyrgir.
  - ✓ Umræðumat í nóvember á deildarfundum.

#### Niðurstaða:

Allar deildir unnu með læsi í ýmsu formi. Á deildum voru skráð niður nokkur verkefni t.d. lestur allra bóka í bókaormi (ormurinn var mjög langur á sumum deildum), þula mánaðarins (var einnig send til foreldra) var á öllum deildum. Ljóðabækur voru gerðar, sögubækur, endursögn af Gýpu og ýmis dagleg verkefni sem falla í daglegt leikskólastarf s.s. samræður, myndaskráning, sýnileiki ritmáls, tengsl orða við myndir – og svona mætti endalaust telja upp.

#### Jafnréttisáætlun

##### Jafnréttisáætlun samkv. lögum til Jafnréttisstofu

- Markmið að skila jafnréttisáætlun – aðgerðaráætlun til Jafnréttisstofu fyrir 1. desember.
- Matsteymi ber ábyrgð.
- Metið í desember/janúar.

#### Niðurstaða:

Jafnréttisáætlun var skilað á réttum tíma og fékk leikskólinn staðfestingu á því að hún væri samþykkt.

Áætlað var að greina bækur út frá staðalmyndum – það gekk ekki eftir.

Kynja-viðsnúningur var í nokkrum verkefnum t.d. í söngtextum.

Börn á deildum völdu hvort þau vildu skotthúfu eða víkingahatt á þorranum (óháð kynjum).

Stelpur völdu ýmist víkingahatt eða skotthúfu, en drengir voru íhaldssamari utan einn sem valdi skotthúfu.

Kynjafyrirmyndir – gerðar voru úrklippumyndir af kyni í „hinu hlutverkinu“, það vakti miklar umræður hjá börnunum.

Lögð er mikil áhersla á að fá túlk í viðtöl hjá þeim foreldrum sem hafa annað móðurmál en íslensku.

Áætlunin sem gerð var fyrir árið 2014-2015 heldur áfram og framlengist fyrir næsta skólaár.

Næsta vetur er stefnt er að því að taka fyrir bækur og greina með „staðalmyndagleraugum“.

#### Læsisáætlun

#### Niðurstaða:

Það er mat starfsmanna í umræðunni að læsi í víðum skilningi sé mjög virkt í Klettaborg og hefur skírskotun í læsisstefnu leikskóla „Lesið í leik“ sem gefin er út af SFS.

Það hefur ekki verið gerð formleg skráning á öllum verkefnum sem tengja má við læsi í víðum skilningi, en hér eru nefnd nokkur verkefni sem unnið er með í leikskólanum:

Lestur á hverjum degi, bókaormur skráður á deildum, þulur í hverjum mánuði, orð vikunnar á einni deild, rím, söngur, ritmál sýnilegt, endursögn barna í þjóðsöguverkefni, bækur aðgengilegar, ljóðagerð barna, samstarf við grunnskóla v/elstu börn, samstarf við Borgarbókasafn v/koffort, náttúrulæsi í vettvangsferðum, veðurfræðingur á eldri deildum, umhverfislæsi í vettvangsferðum, svona mætti lengi telja upp margvísleg verkefni.

## **Græn skref**

### **Niðurstaða:**

Viðurkenning fyrir fyrsta græna skrefið var afhent frá SFS haustið '14. Í maí var farið yfir viðmiðunarþætti fyrir næsta græna skref (nr. 2) og verður sótt um það haustið '15. Starfsmenn ræddu um að virkja börnin betur í flokkun og umhverfisvitund. Þetta verkefni er áfram næsta vetur.

## **Þekkingarheimsóknir**

### **Niðurstaða:**

Starfsmenn fóru í aðra leikskóla til að kynna sér ákveðin verkefni sem fyrirhugað var að vinna að í Klettaborg. Það tengdist breytingu á nón-hressingu og skráningum í starfi barnanna.

Einnig fóru allir starfsmenn á Stóra leikskóladaginn til að afla sér þekkingar á leikskólavettvangi.

Farið verður í þekkingarheimsóknir út frá ákveðnum verkefnum næsta vetur.

## **Fjölbreyttar leiðir í upplýsingagjöf til foreldra**

### **Niðurstaða:**

Starfsmenn telja að það séu fjölbreyttar leiðir í upplýsingagjöf til foreldra bæði um barnið og starfið almennt.

Helstu leiðirnar í upplýsingagjöf til foreldra eru fréttapóstur sem hver deild sendir heim vikulega og skipulögð foreldraviðtöl. Til viðbótar má nefna auglýsingar á anddyri leikskólans, myndaskráningar um ýmiss verkefni sem foreldrar sjá í leikskólanum og ýmiss tilefni þar sem foreldrum er boðið sérstaklega í leikskólann s.s. foreldrafundir, opið hús, mömmu/pabba morgnarnar, dagur leikskólans þar sýnir ein deild ákveðin verkefni í salnum.

Í foreldrakönnun SFS í apríl '15 segja 98% foreldra að þeir fái góðar upplýsingar um hvað sé á döfinni í leikskólanum.

Í sér spurningu frá Klettaborg í foreldrakönnun SFS í apríl '15 segja 86% foreldra að þeir fái fréttir í tölvupósti vikulega og 11% segja mánaðarlega.

## **Barnasáttmálinn**

### **Barnasáttmáli tengdur í skólanámskrá**

- Markmið að ákveðnir þættir í Barnasáttmálanum verði sýnilegir í skólanámskrá.
- Greina ákveðin verkefni við þá þætti.
- Aðstoðarleikskólastjóri fylgir því eftir.
- Umræðumat í lok vetrar.

### **Niðurstaða:**

Barnasáttmálinn hefur sinn sess í nýrri skólanámskrá. Þar er tekið dæmi um hvernig Sáttmálinn tengist inn í ákveðið verkefni í leikskólanum þ.e. vettvangsferð með leikskólabörnunum þar sem farið er með strætó á áfangastað.

## **Umbætur 2015-2016 út frá niðurstöðum innra mats 2014-2015**

Eins og fram kemur í kafla 2.1 (óformlegt mat), þá er verið að meta og gera umbætur í leikskólastarfinu allan veturinn. Á skipulagsdegi í maí 2015 var farið yfir dagskipulagið og ýmiss verkefni (sjá fyrirkomulag í fylgiskjöllum). Allir starfsmenn tóku þátt í því mati. Eftirfarandi þættir fara í umbótaáætlun:

### **Deildarfundir og deildarstjórafundir**

Í mati starfsmanna í maí kom fram að margir fundir hafa fallið niður vegna ýmissa ástæðna en helsta ástæðan er fáliðun og því er ekki hægt að leysa af á þeirri deild sem fundur er áætlaður.

Samkvæmt dagatali september '14 til júní '15 eru áætlaðir 16 deildarfundir hjá hverri deild þ.e. að meðaltali fundur aðra hvora viku í 45 mínútur.

Samkvæmt skráningu/fundargerðum deilda er fjöldi funda þessi:

Fálkaklettur – 5 deildarfundir.

Arnarklettur – 4 deildarfundir, að auki voru fundir haldnir með hegðunarráðgjafa.

Hrafnaklettur – 7 deildarfundir.

Kríuklettur – 4 deildarfundir.

Að auki voru deildarfundir á skipulagsdögum, bæði hver deild fyrir sig og tvær deildir saman þ.e. yngir deildir saman og eldri deildir saman.

Deildarstjórafundir eru áætlaðir í hverri viku í 45 mínútur en hafa einnig fallið niður þegar fáliðun hefur verið í húsi.

Deildarfundir eru mikilvægir m.a. til þess að starfsmenn geti farið yfir verkefni og uppeldisstarf leikskólans, ásamt því að ræða um þroska og líðan barna, vinnuaðferðir sem og skipulag deildarinnar og brugðist við og gert úrbætur eftir þörfum.

Deildarstjórafundir eru mikilvægir til þess að samþætta leikskólastarfið, fara yfir verkefni skólans, starfsáætlun, uppeldisstarfið og skapa heild í leikskólastarfinu.

Því er mjög bagalegt þegar þessir fundir falla svona oft niður og það bitnar á leikskólastarfinu.

Starfsmenn ræddu ýmsar leiðir til úrbóta og ákveðið var að breyta skipulagi á þessum fundum.

**Umbætur** – Deildarfundir verða í útiveru barnanna á föstudögum – útbúið skipulag um það og metið um áramótin. Deildarstjórafundir verða færðir um tíma á mánudögum og verða um hádegisbilið/hvíldartíma barnanna í staðinn fyrir um morguninn. Metið um áramótin.

### **Tilraunir og vísindi – Arnarklettur**

Síðasta vetur var unnið aðeins með tilraunir. Verkefnið vakti mikinn áhuga og tókst vel til og er ætlunin að halda því áfram á markvissari hátt þennan vetur.

**Umbætur** – skipuleggja fyrir veturinn verkefni í vísindum, virkja börnin í þátttöku. Metið með skráningum á deildarfundum 2x yfir veturinn.

### **Vettvangsferðir – Fálkaklettur og Arnarklettur**

Undanfarin ár hafa deildir verið að efla vettvangsferðir/gönguferðir og nýta til þess næsta nágrenni leikskólans ásamt tveimur sérstökum útsvæðum sem leikskólinn hefur „eignað“ sér. Á annarri eldri deildinni gengur þetta nokkuð vel en á hinni eldri deildinni hafa vettvangsferðirnar orðið stopular.

Báðar eldri deildirnar vilja efla þennan þátt hjá sér með umbótum.

**Umbætur** – að skipuleggja ferðir fram í tímann og hafa fjölbreyttari verkefni í vettvangsferðunum og tengja þau hugtakinu útikennsla. Nýta námsgögn (frá Náttúruskólanum, Handbók um

vettvangsferðir og Allir út í náttúruna). Skráningar á verkefnum. Metið á fundum 2x yfir veturinn.

### **Veðurfræðingurinn – Fálkaklettur og Arnarklettur**

Veðurfræðingur hefur verið undanfarin ár á eldri deildum. Með breyttum barnahóp, þarf að huga að framkvæmdinni og aðlaga verkefnið að aldri, áhuga og þroska barnanna.

**Umbætur** – stytta tímenn, finna leiðir sem fanga athygli barnanna, efla veður-læsi hjá börnunum og tengsl við daglegt líf og veðurhugtök verði fjölbreytt. Metið á deildarfundum 2x yfir veturinn.

## **2.2 Ytra mat**

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar gerði viðhorfskönnun meðal foreldra í apríl '15.

Klettaborg setti inn sérstakar spurningar í könnunina.

Einnig gerði Skóla- og frístundasvið viðhorfskönnun meðal starfsmanna í mars '15.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerði úttekt á garðinum/lóðinni í júní '15

### **Foreldrakönnun SFS apríl '15**

Markmið könnunarinnar er að skoða viðhorf foreldra til leikskólans, líðan og stuðning við barnið, upplýsingaflæði og stjórnun.

Svarhlutfall í Klettaborg er 70%.

Niðurstöður koma til leikskólans og eru settar á heimasíðu leikskólans. Í niðurstöðum er hægt að sjá meðaltal allra leikskóla Reykjavíkurborgar.

Í heildina þá eru foreldrar ánægðir (95%) með leikskólastarfið og telja að barninu líði vel (96%).

Nokkrar fullyrðingar í könnuninni og hlutfallsprósenta ánægja/sammála:

- 98% segjast fá góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum.
  - 95% telja að viðfangsefnin í leikskólanum séu áhugaverð.
  - 95% telja að í leikskólastarfinu sé lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins.
  - 93% segjast þekkja stefnu og gildi leikskólans.
  - 92% telja að leikskólinn hvetji foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu.
  - 77% segjast fá reglulega og góðar leiðbeinandi upplýsingar um framfari barnsins.
- Umbætur** - Verkefni til að auka þetta næsta vetur verður m.a. ferillmappa barnsins.
- 62% segja að leikskólinn leiti eftir þeirra tillögum og hugmyndum
- Umbætur** - Verkefni til að auka þetta næsta vetur verður m.a. ferillmappa barnsins.

### **Starfsmannakönnun SFS mars '15**

Markmið könnunarinnar er að fá fram viðhorf starfsmanna til starfsumhverfisins, samskipta og stjórnunarháttanna.

Svarhlutfall í Klettaborg er 82%.

Niðurstöður koma til leikskólans og eru settar á heimasíðu leikskólans. Í niðurstöðum er hægt að sjá meðaltal allra leikskóla Reykjavíkurborgar.

Starfsánægja í Klettaborg hefur minnkað frá síðustu könnunum. Þó mælist starfsánægja í Klettaborg yfir meðaltali miðað við aðra leikskóla í flestum þáttum könnunarinnar. Starfsánægja í Klettaborg hefur frá því kannanir hófust (sjá í þessari könnun frá 2008) mælist mjög mikil. Í umræðu starfsmanna vegna niðurstöðu í þessari könnun kom fram að álag í starfi er viðvarandi og hefur mikil



áhrif á starfsánægju og starfið almennt. Sjá nánar um þennan þátt í kafla 1 „stutt greinagerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári“.

Mælikvarði er 1-10 þar sem 1 lægst og 10 er mesta gildið.

Hér eru nokkar tölur úr könnuninni vorið 2015. Könnunin er að heimasíðu leikskólans.

Starfsánægja – Mér líður vel í vinnunni	8,3
Markmið og árangur – Vinnustaður minn leggur áherslu á gæði í störfum og þjónustu	8,8
Tilgangur – Ég er stolt/ur af starfi mínu	9,0
Metnaður – Ég er tilbúin/n að leggja mikið á mig í vinnunni þegar þörf krefur	9,0
Frumkvæði – Á mínum vinnustað er starfsfólk hvatt til að sýna frumkvæði	9,0
Viðurkenning – Starf mitt er metið að verðleikum af yfirmanni mínum og samstarfsfólki	8,4
Stjórnun – Ég fá hvatningu frá yfirmanni mínum	8,8
Fræðsla og þjálfun – á síðustu 12 mánuðum hef ég haft tækifæri til að sækja námskeið / fræðslu	8,8
Móttaka nýliða – Á mínum vinnustað er vel tekið á móti nýju starfsfólki	9,0
Ímynd – Ég er stolt/ur af vinnustaðnum mínum	9,2
Starfsandi – Það er góður starfsandi á mínum vinnustað	9,1
Sveigjanleiki í starfi – Hjá mér er gott jafnvægi milli starfs og einkalífs	8,8
Starfsmannastöðugleiki – Ég hugsa oft um að hætta í núverandi starfi	5,8
Vinnuálag – Álag í mínu starfi er of mikið þegar á heildina er litið	2,7*
Upplýsingaflæði – Upplýsingastreymi á mínum vinnustað er gott	6,9**

\*Starfsmenn telja að álagið í leikskólanum sé að mestu vegna fálíðunar.

\*\*Fer í umbótaáætlun.

### **Upplýsingaflæði til allra starfsmanna**

Deildarstjórar senda fréttir um starfið og viðfangsefni í tölvupósti til foreldra. Starfsmenn hverra deilda hafa einnig fengið þann póst. Umræður um að auka upplýsingaflæðið til allra starfsmanna.

**Umbætur** – ákveðið að senda alla fréttapósta sem fara til foreldra af öllum deildum á alla starfsmenn. Deildarstjórar sjá um að uppfæra þann póstlista hjá sér.

### **Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur – lóðin í júní '15**

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur kom í leikskólann í júní og gerði úttekt á garðinum/lóðinni. Nokkrar athugasemdir komu sem Hverfismiðstöðin þarf að athuga og fá þeir skýrsluna til sín.

### **Daglegt yfirlit leikskólans á lóðinni**

Heilbrigðisfulltrúi gerði athugasemdir við skráningar á yfirlitsskoðun lóðar á hverjum degi sem starfsmenn leikskólans eiga að framkvæma.

Við skoðun á okkar verkferli/skráningarblöðum Klettaborgar kom í ljós að þessum þætti er ábótavant í leikskólanum.

**Umbætur** – Brynt fyrir starfsmönnum að fara eftir vinnuferli Klettaborgar um yfirferð á garðinum og er deildarstjóri ábyrgur fyrir tímabili sinnar deildar. Ef ekki er farið yfir garðinn, þarf að skrá athugasemdir við þá dagsetningu t.d. vegna þess að ekki var farið út (mikil hálka/klaki). Ef deild getur ekki séð um „sína“ yfirferð, ber henni að leita til annarra um að sjá um yfirferðina. Skráningarblöð skoðuð um áramót og að vori.

## **2.3 Matsáætlun**

Starfið í heild og ýmiss verkefni eru metin jafnt og þétt yfir veturinn. Allir koma að matinu á einhvern hátt, þó koma kennarar og stjórnendur meira að matinu en aðrir starfsmenn. Gátlisti um sjálfsmynd og félagsfærni (frá SFS) er fylltur út fyrir hvert barn 1-2svar yfir veturinn. Hljóm er lagt fyrir elstu börnin og Íslenski þroskalistinn er fylltur út af mæðrum hjá næst elstu börnunum. Niðurstöður eru nýttar við gerð einstaklingsáætlunar og ræddar í foreldraviðtölum.

Að hausti er ákveðið sérstakt matsverkefni í starfinu út frá matsáætlun leikskólans. Allir starfsmenn koma að því að velja það verkefni og vinna að matsgögnum fyrir það ásamt áætlun um framkvæmd. Yfirlit yfir matsþætti er í töflu hér að neðan. Sjá nánar skýringu á bókstaf F,U,Á,S í ATH dálki í töflunni.

F = fastir liðir í árlegu mati leikskólans.

U = matsþættir vegna umbótaáætlun 2015-2016.

Á = matsþættir vegna áherslur í starfi leikskólans 2015-2016.

S = matsþættir vegna verkefni í nýrri skólanámskrá Klettaborgar.

Tími	Matsþáttur	Gögn	Hverjir meta	Ábyrgð	ATH
Allur veturinn	Dagskipulagið á deildum og ýmis (föst) verkefni	Umræðumat á deildarfundum	Deildarstarfsmenn	Deildarstjóri	F
Ágúst – sept.	Hljóðkerfisvitund elstu börn	Gátlisti	Aðst.leik.stj.	Aðst.leik.stj.	F
Sept. - okt.	Sjálfsmynd og félagsfærni	Gátlisti	Deildarstjórar	Deildarstjórar	F
Okt. – nóv.	Fræðsluverkefni fyrir áramót	Umræðumat	Allir starfsmenn	Deildarstjórar	F
Okt. – nóv.	Jákvæð og glaðleg samskipti	Skráning	Allir starfsmenn	Matsteymi Deildarstjórar	F
Okt. – nóv.	Fræðslustarfsmappa v/haustverkefni	Skráningar	Deildarstjórar	Aðst.leik.stj.	F
Desember	Yfirferð leikskólalóð	Skráningar	Deildarstjórar	Leikskólastjóri	U
Janúar	Deildarfundir	Fundargerðir	Deildarstarfsmenn	Deildarstjóri	U
Janúar	Deildarstjórafundir	Fundargerðir	Deildarstjórar	Leikskólastjóri	U
Janúar	Tilraunir og vísindi	Skráningar	Starfsm. Ak.	Deildarstjóri	U
Janúar	Vettvangsferðir	Skráningar	Starfsm. Fk. og Ak.	Deildarstjóri	U
Janúar	Veðurfræðingur	Skráningar	Starfsm. Fk. og Ak.	Deildarstjóri	U
Janúar	Samvinna/hjálpssemi	Skráningar	Allir starfsmenn	Deildarstjóri	S
Janúar	Þekkingarheimsóknir	Skráningar	Deildarstjórar	Deildarstjórar	Á
Janúar	Upplýsingaflæði til starfsmanna	Umræðumat	Allir starfsmenn	Deildarstjórar	U
Jan. – febr.	Ferilmappa barnsins	Gátlisti og gögn í möppu, skráningar	Allir starfsmenn	Deildarstjórar	U+S
Jan. – febr.	Hljóðkerfisvitund elstu börn	Gátlisti	Aðst.leik.stj.	Aðst.leik.stj.	F
Febrúar	Gildin í Klettaborg	Fræðsla	Leikskólastjóri	Leikskólastjóri	S
Febrúar	Leikskólaperlan	Fræðsla	Leikskólastjóri	Leikskólastjóri	S
Feb. – mars	Græn skref	Gátlisti	Aðst. leikskólastj.	Aðst. leik.stj.	Á
Mars – apríl	Jákvæð og glaðleg samskipti	Skráning	Allir starfsmenn	Matsteymi Deildarstjórar	F
Mars – apríl	Þjóðsagan	Stöðumat	Allir starfsmenn	Aðst.leik.stj.	F
Mars – apríl	Mat – sýn barna	Skráningar	Starfsmenn á Fk. og Ak.	Deildarstjórar	Á
Mars - apríl	Fræðslustarfsmappa v/þjóðsaga	Skráningar	Deildarstjórar	Aðst.leik.stj.	F
Apríl	Yfirferð leikskólalóð	Skráningar	Deildarstjórar	Leikskólastjóri	U
Apríl	Jafnréttisáætlun	Greiningartæki Bechdel eða Mako Mori	Allir starfsmenn	Deildarstjórar	Á
Apríl – maí	Áherslur v/SFS	Umræðumat	Allir starfsmenn	Deildarstjórar	
Maí	Þekkingarheimsóknir	Skráningar	Deildarstjórar	Deildarstjórar	Á
Maí	Samvinna/hjálpssemi	Skráningar	Allir starfsmenn	Deildarstjóri	S
Maí	Tilraunir og vísindi	Skráningar	Starfsm. Ak.	Deildarstjóri	U
Maí	Vettvangsferðir	Skráningar	Starfsm. Fk. og Ak.	Deildarstjóri	U
Maí	Veðurfræðingur	Skráningar	Starfsm. Fk. og Ak.	Deildarstjóri	U

### 3. Áherslur í starfi leikskólans

**3.1 Í starfsáætlun skóla- og frístundsviðs 2015 er lögð áhersla á fimm umbótaþætti og sett markmið fyrir þá. Í þessum kafla skal gerð grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst vinna að þessum markmiðum sem lúta að starfsemi leikskóla.**

*Kafli 3.1 er eingöngu tengdur við starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs, sem kallar eftir upplýsingum frá leikskólum um þá þætti sem eru hér að neðan.*

*Í Klettaborg er unnið með alla þessa þætti í starfinu og verða nefnd nokkur verkefni/leiðir sem falla undir þessar áherslur SFS. Ekki verður gerð áætlun um mat á hverju verkefni fyrir sig, heldur verður það skoðað á umræðufundi (huglægt) vorið 2016.*

#### 1. Málþroski, læsi og lesskilningur

Markmið SFS

- ✓ Að stefna að því með markvissum aðgerðum að öll börn í grunnskólum geti lesið sér til gagns.
- ✓ Að skapa samfellu í málþroska og móðumálsnámi meðal annars með því að fjölga samstarfsverkefnum í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi.
- ✓ Að börn og unglingar verði gagnrýnir notendur fjölmiðla, s.s. samfélagsmiðla, og meðvituð um mótunaráhrif þeirra og vald.
- ✓ Að í öllu skóla- og frístundastarfi sé áhersla á læsi í víðum skilningi t.d. umhverfislæsi og fjármálalæsi.

#### Verkefni í Klettaborg – ótæmandi upptalning:

- Markviss lestur, skráning á lestri
- Þjóðsagan, skráningar
- Ritmál sýnilegt
- Bækur aðgengilegar og reglulega skipt út, ferðir á bókasafn
- Þulur, söngur, frásögn, endursögn, orð vikunnar, ljóðagerð
- Verkefni elstu barnanna
- Vettvangsferðir / umhverfislæsi
- Dagur ísl. tungu – samstarf við grunnskóla

#### 2. Verk-, tækni- og listnám

Markmi SFS

- ✓ Að skapandi starf sé grundvallarþáttur í námi og þroska barna og ungmenna þar sem stuðst er við fjölbreytta kennsluhætti og vinnubrögð.
- ✓ Að jafna tækifæri barna til verk-, tækni- og listnáms í hverfum borgarinnar.
- ✓ Að börn og unglingar fái fleiri tækifæri til óformlegs list-, tækni- og verknáms í frístundastarfi.
- ✓ Að upplýsingatækni sé nýtt til að efla hæfni barna og ungmenna til að vinna úr upplýsingum og takast á við fjölbreytt og skapandi viðfangsefni.

**Verkefni í Klettaborg – ótæmandi upptalning:**

- Myndsköpun, fjölbreyttur efniviður.
- Skapandi starf, fjölbreyttur efniviður
- Tölvur sem upplýsingatæki
- Safnaferðir
- Dans, hreyfing, hljóðfæri, söngur, hlustun
- Fjölbreytt námsgögn s.s. kubbar, mekkanó, seglar, tilraunir

**3. Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi**

Markmið SFS

- ✓ Að börn og ungmenni séu með sterka sjálfmynd og meðvituð um almenn mannréttindi, jafnrétti kynja og staðalmyndir.
- ✓ Að borin sé virðing fyrir réttindum og hæfileikum allra barna og ungmenna.
- ✓ Að börn og ungmenni séu virkir þátttakendur í ákvörðunum um eigið nám og starf.
- ✓ Að lýðræðislegt gildismat mótist í öllu námi og starfi og að börn og ungmenni læri til lýðræðis í gegnum lýðræðisleg vinnubrögð.

**Verkefni í Klettaborg – ótæmandi upptalning:**

- Fyrirkomulag í leiktíma, val á viðfangsefnum, félagslegt styðjandi umhverfi í leiktíma
- Þátttaka barna í mati á ákveðnum verkefnum
- Hlustum á rödd barna í samræðum, leitum eftir álit barna, skoðanir þeirra skipta máli
- Börn hlusti á hvort annað, börn setji mörk fyrir sig gagnvart öðrum
- Börn setji orð á tilfinningar, langanir – noti orðin sín í samskiptum
- Tökum tillit til allra - leikskólinn og samfélagið er fyrir alla

**4. Fjölmennig**

Markmið SFS

- ✓ Að með fjölbreyttum náms- og starfsháttum sé komið til móts við þarfir allra barna og ungmenna
- ✓ Að löggöf sé áhersla á gagnvirk samskipti og tækifæri barna af erlendum uppruna til að standa jafnfætis öðrum, með virðingu að leiðarljósi.
- ✓ Að öll börn nái árangri í íslensku og að börn með annað móðurmál öðlist færni til að viðhalda og efla móðurmál sitt um leið og þau ná árangri í íslensku.
- ✓ Að starfsfólk eigi frumkvæði að samstarfi við foreldra og leiti leiða til að koma í veg fyrir að ólík sýn, menning og reynsla verði hindrun í samstarfi.

**Verkefni í Klettaborg – ótæmandi upptalning:**

- Mynda- og textabækur sendar heim til að styðja við tvítyngd börn/foreldra – samskiptabækur
- Þjóðfánar sýnilegir
- Íslensk menning og hefðir s.s. bóndadagur, konudagur, gömlu mánaðarheitin, þjóðsaga
- Þjóðsagan send heim á cd. fyrir erlenda foreldra og stutt þýðing á sögunni á þeirra tungumáli
- Túlkur í foreldraviðtölum þar sem þess er þörf
- Efniviður fjölbreyttur m.t.t. ólíkra menningarheima
- Börn tali sitt móðurmál í leikskólanum þar sem það er hægt

- Tengiliður í leikskólanum við sérfræðing SFS

## 5. Gæði og fagmennska

Markmið SFS

- ✓ Að hver starfsstaður hafi skýra sýn og hafi sett sér stefnu og markmið til lengri tíma.
- ✓ Að markmið og leiðir starfsstaða byggi á stefnu, markmiðum og umbótaþáttum SFS og séu tilgreind í starfsáætlunum þeirra.
- ✓ Að símenntun starfsfólks taki mið af umbótaþáttum starfsáætlunar.
- ✓ Að mat og endurgjöf séu fastir liðir í starfi stjórnenda.
- ✓ Að starfsstaðir vinni að þróunarstarfi og virkri nýbreytni í starfsháttum.

### Verkefni í Klettaborg – ótæmandi upptalning:

- Námskrá, starfsáætlun, mat á starfinu og umbótaáætlun
- Matsteymi
- Símenntun fyrir alla starfsmenn, þekkingarheimsóknir
- Starfsviðtöl, endurgjöf
- Ýmsir vinnufundir

### 3.2 Aðrar/fleiri áherslur sem hafa ekki nú þegar komið fram í starfsáætlun leikskólans

Veturinn 2015-2016 mun einkennast af því að ýmsar áherslur í nýrri skólanámskrá verði dregnar upp á „yfirborðið“ í starfinu og verða betur sýnilegar, ásamt því að viðhalda verkefnum sem eru að öðlast fastan sess í leikskólastarfinu og verkefnum sem hafa verið í starfsáætlun frá s.l. ári.

Markmið með þessum verkefnum er m.a. að gera leikskólastarfið sýnilegra, tryggja ákveðna þætti í skólanámskrá, hafa gleði í starfinu með börnunum, sjá tækifærin í hverjum degi fyrir sig, að allt starfsfólk sé meðvitað um hlutverk sitt gagnvart þroska og námi barna.

Leiðirnar eru fjölbreyttar og þróast út frá verkefnum.

Ábyrgðin hvílir á öllum stjórnendum leikskólans sem og öðrum starfsmönnum

Mat á verkefnum má sjá í kafla 2.3 hér að framan.

Mörg verkefni hafa öðlast fastan sess í leikskólastarfinu og halda því áfram næsta vetur, má þar nefna t.d.:

- **Hhaustverkefni**, yngri deildir vinna saman og eldri deildir vinna saman. Eldri deildir vinna með einstaklinginn í sínu umhverfi „ég sjálf/ur“ og yngri deildir vinna með umönnun, heilbrigði og vellíðan og gera skráningar.
- **Þjóðsagan** er eftir áramót á öllum deildum.
- **Litavikur.**
- **Sérstakir dagar** (blómaball, sólgleraugsdagur, rugldagur.....).
- **Áherslur í samfélaginu** tengdar í leikskólastarfið (dagur ísl. tungu, dagur ísl. náttúru, góðverkavika/dagur, bangsavika/dagur, barnameningarhátíð, lestrahátíð.....).

Nokkur verkefni frá síðasta skólaári halda áfram, því verið er að festa þau í sessi og þróa áfram.

- **Jákvæð og glaðleg samskipti starfsmanna við börn**
  - Hver deild gerir skráningar eins og síðasta ár og skoðar sérstaklega þau börn sem fá „oft“ leiðréttingu í rétta hegðun. Gerð verður áætlun í samráði við foreldra um að styðja þau betur í samskiptum og hegðun. Matsteymi ákveður tímabil og útbýr gögn.

Deildarstjórar bera ábyrgð á samræðumati til úrbóta.

- **Mat – sýn barna**
  - Halda þarf áfram að fá viðhorf/líðan barna á hin ýmsu verkefni leikskólans. Eldri deildir velja aðferð/verkefni/aðstæður til að frá fram sjónarmið og viðhorf barnanna og leita leiða til umbóta þar sem það á við.
- **Jafnréttisáætlun**
  - Áætlunin sem gerð var 2014-2015 heldur velli og framlengist á þetta ár.
  - Hver deild skoðar bækur og greinir með „staðalmyndagleraugum“ samkvæmt Bechdel prófi og/eða Mako Mori prófi.
- **Græn skref**
  - Unnið að því að fá skref nr. 2 ásamt því að efla börn betur í umhverfisvitund í daglegu starfi.
- **Þekkingarheimsóknir**
  - Farið verður í þekkingarheimsóknir í aðra leikskóla t.d. v/græn skref og umhverfisvitund barna, ferilmöppur barna og skráningar. Deildarstjórar eru ábyrgir fyrir því að skipuleggja þessar heimsóknir.

Einnig eru ákveðin verkefni tengd skólanámskrá og/eða kallað er eftir að verði sýnilegri í starfi leikskólans. Má þar nefna:

- **Ferilmappa fyrir hvert barn**
  - Gera leikskólastarfið sýnilegra og skapa varanlegar minningar fyrir barnið um leikskólaveru sína.
  - Útbúinn gátlisti þar sem verkefni/grunnþættir/áherslur eru talin upp og eiga að vera í hverri möppu fyrir hvert barn. Hver deild getur til viðbótar sett þar inn annað sem til fellur. Starfsmenn fara í þekkingarheimsóknir í aðra leikskóla til að fræðast um ferilmöppur og skráningar í þær.
- **Gildin í Klettaborg – sýnileg**
  - Gildin í Klettaborg eru: gleði-virðing-öryggi. Gildin eru leiðarljós Klettaborgar. Þau eru skilgreind í skólanámskrá Klettaborgar, en stefnt verður að því að setja þau upp í þannig form (plakat) að þau verði sýnileg í leikskólanum.
- **Leikskólaperlan**
  - Leikskólaperlan er myndræn túlkun af margþættu námi barna í leikskólanum. Myndin er í skólanámskrá Klettaborgar til að undirstrika og sýna á aðgengilegan hátt hvernig barnið er í brennidepli og allt starf í leikskólanum snýst um það með umhyggju, nám og fagmennsku að leiðarljósi og leikinn sem aðalleið barnsins í daglegu starfi.
  - Fræðsla til starfsmanna verður til að efla sýn þeirra á þessa samþættingu og tengsl við allt daglegt starf í leikskólanum.
- **Samvinna/hjálpssemi barna**
  - Lífsleikni, samkennd, virðing, umhyggja, tillitssemi eru gerð skil í skólanámskrá Klettaborgar. Til að vinna að þessu enn frekar með börnunum þá verður lögð áhersla á að eldri börn verði virkari í að „aðstoða“ yngri börn við ýmsar athafnir og sýni þannig umhyggju og hjálpssemi. Má þar nefna t.d. að fylgja yngri börnum úr Glym (vinastund á föstudögum) inná sína deild, aðstoða við að klæða úr þegar yngri börn kom inn, koma í leiktíma inná yngri deildir. Allir starfsmenn skipuleggja þetta.

## 4. Starfsmannamál

### 4.1 Starfsmannahópurinn 1. júní 2015

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	1	Leikskólakennari
Aðstoðarleikskólastjóri	1	0.85	Leikskólakennari
Deildarstjóri	5	4.0	Leikskólakennari
Leikskólakennari	3	2,74	Leikskólakennari
Leikskólaleiðbeinandi A	2	2	Grunnskólakennari
Leikskólakleiðbeinandi B	1	1	BA - enska
Sérkennari	1	1	MA - Leikskólasérkennari
Leikskólaliði	2	2	Leikskólaliðanám
Leiðbeinandi	5*	4.8	Án framhaldsskóla
Leiðbeinandi m/sérkennslu	1	0.90	Er í uppeldis- og menntunarfræðum HÍ
Leiðbeinandi v/atvinnuáttak	1	0,45	Grunnskólapróf
Matráður	1	0,65	Grunnskólapróf + mörg námskeið
Aðstoð í eldhús	1	1.0	Án framhaldsskóla

\* Í hópnum eru tveir starfsmenn vegna sumarstarfa og afl. v/fæðingarorlofs.

### 4.2 Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning)

Starfsþróunarsamtöl eru tvískipt. Að vori (mars) er samtal þar sem farið er yfir veturinn þ.e. líðan, árangur út frá markmiðum vetrarins og tæpt á næsta vetri. Að hausti (sept.-nóv.) er samtal þar sem starfsmaður greinir frá áherslum sínum og tengingum við starfsáætlun leikskólans ásamt umræðum um símenntun. Þetta fyrirkomulag hefur verið síðastliðin starfsár, fyrir utan s.l. ár og mælist vel fyrir. Ekki náðist að vinna starfsþróunarsamtölin eins og áætlað var v/vorfalla leikskólastjóra, en stefnt verður að því að halda þessu fyrirkomulagi næsta vetur.

### 4.3 Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)

Áherslur voru á fjölbreytt námskeið/fræðslu eftir þörfum leikskólans og áhuga starfsmanna sem og út frá starfsþróunaráætlun hvers starfsmanns.

- Jafnréttismál – Auður Magndís SFS – allir starfsmenn
- Stóri leikskóladagurinn – SFS – allir starfsmenn
- „Af hverju er barnið mitt ekki úti að éta sand“ SFS – allir starfsmenn
- Þekkingarheimsókn á Hæðarból í Garðabæ v/fyrirlestur um skráningar – allir starfsmenn
- Fyrirlestur um mat og skráningar með Vanessu Paki frá Nýjasjálandi – SFS - deildarstjóri
- Áhrif skráningar á fagmennsku í leikskólastarfi – RannUng – kennari
- Skráning í leikskólastarfi – RannUng – tveir kennarar og leikskólaliði
- Skráningar og mat í leikskólastarfi – SFS ýmsir – leikskólastjóri og deildarstjóri
- Skráningar – Katrín Hildur, leikskólakennari Ökrum - allir stjórnendur, kennarar og matsteymi

- Mat á vellíðan og námi í leikskóla – RannUng -tveir deildarstjórar
- Kvíði barna og unglinga – Endurmenntun HÍ – tveir deildarstjórar og kennari
- Samtal um samfélag, málþing – kennari
- Fjölmeningarstefna og fundir – SFS – aðstoðarleikskólastjóri
- Fjölbreytt móðurmál í leikskólastarfi – SFS – kennari
- Hagnýtar leiðir í vinnu með móðurmál tvítyngdra barna í skóla- og frístundastarfi – SFS - kennari
- Hvernig sköpum við börnum okkar bestu mögulegu þroskaskilyrði er varða mál og tal – Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur – deildarstjóri
- Lestrarnám og læsi – fyrirlestur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dr. Maryanne Wolf – leikskólastjóri
- „Hey, ég fékk góða hugmynd“, þátttaka og áhrif barna í leikskólastarfi – ráðstefna SFS – allir stjórnendur
- Námsstefna FSL „hingað og ekki lengra – leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
- Deildarstjórinn í leikskólanum – RannUng – tveir deildarstjórar
- Diplómunám til leyfisbréf v/leikskólakennari, stjórnun menntastofnana – HA – kennari
- Fagnámskeið 1 – Efling – tveir leiðbeinendur
- Dale Carnegie – kennari
- Leiðtogaskólinn – SFS – aðstoðarleikskólastjóri
- Ýmis námskeið/ráðstefna GR / fræðsla - sérkennari
- Skjalavinnsla – SFS – allir stjórnendur
- Grænt bókhald – SFS – aðstoðarleikskólastjóri
- Tímastjórnun í fjórvið – Endurmenntun HÍ – leikskólastjóri

Einnig sóttu trúnaðarmenn stéttarféлага námskeið hjá sínum félögum.

Klettaborg er með samning við Menntavísindasvið HÍ um vettvangsnám leikskólakennaranema. Einn leikskólaliði tók að sér að vera handleiðari fyrir einstakling sem var í starfsnámi frá Mími í tengslum við vinnustaðanám, samtals 8 dagar í leikskólanum.

Einnig hefur einn leikskólaliði umsjón með starfsmanni sem er í leikskólanum v/atvinnuþátttöku Tr.

#### **4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum**

Í haust þegar ýmis námsframboð verða augljósari þá kemur betur í ljós hvaða fræðsla kemur til starfsmanna. Fyrirhugað er að allir starfsmenn sækja fræðslu sem tengist áherslum í starfinu sem og sínu áhugasviði. Fræðsla er bæði á skipulagsdögum og á öðrum tíma. Starfsmenn sækja þau námskeið, ráðstefnur, málþing sem hægt verður að koma við eftir áhugasviði þeirra og áherslum leikskólans.

Aðal áherslan verður á fræðslu sem tengist áherslum/verkefnum í nýrri skólanámskrá, ásamt því að allir starfsmenn fái námskeið í skyndihjálpi. Haldið verður áfram að fara í þekkingarheimsóknir, sækja málþing og ráðstefnur á vegum SFS, RannUng og annarra aðila.

Stefnt er að því að fara í námsferð til Bretlands vorið 2016



## 5. Aðrar upplýsingar

### 5.1 Barnahópurinn 1. júní 2015

Í lok maí voru 75 börn í leikskólanum í 620 dvalarstundum.

Stúlkur voru 42 og drengir 33

Í júní bættust við 6 ný börn. Í ágúst/september koma um 25 ný börn í leikskólann.

Elstu börn eru 20 sem fara í grunnskóla, rúmlega helmingur þeirra hættir um sumarleyfi eða fyrr.

Það eru 10 börn sem flytja í aðra leikskóla í sínu heimahverfi.

Tvö börn voru með sérgreindan stuðningstíma vegna fötlunar.

Hegðunarráðgjafi kom að vinnu með 4 börnum í elsta árgangi með ráðgjöf til leikskólans og foreldra.

Sérstakur stuðningur var veittur í það á deildina frá nóvember til júní.

Að auki voru nokkur börn sem verið var að vinna sérstaklega með hegðunar þætti og málörvun án þess að sérkennslutími kæmi þar inni.

Talmeinafræðingur kom að vinnu með sex börnum.

Ellefu börn eru af erlendum uppruna frá sjö þjóðlöndum. Þar af eru sex börn með báða foreldra af öðru þjóðerni og fimm börn með annað foreldrið frá Íslandi. Erlend tungumál eru sex.

### 5.2 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er kosið á foreldrafundi að hausti í september/október. Í ráðinu eru 3 fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Foreldraráð fundar, fer yfir hlutverk sitt og starfsáætlun, er á vettvangi/ræðir við starfsmenn og fylgist með starfinu, gefur umsögn um starfið og starfsáætlunina.

Foreldrafundurir eru í september/október. Fundirnir eru að morgni kl. 8.30-9.15 og eru tvær deildir saman á fundi. Einnig er foreldrafundur með foreldum elstu barnanna í janúar. Það er samstarfsverkefni grunnskólans (Hamraskóli) og leikskólans. Sá fundur er haldinn í grunnskólanum.

Foreldraviðtöl eru að hausti og eftir áramót. Deildarstjóri/leikskólakennari sjá um viðtölin.

Foreldrafélag er starfandi. Tilgangur þess er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Foreldrafélagið gefur út fréttabréf þar sem starfsemin er kynnt. Kosið er í foreldrafélag á haustfundi foreldra í leikskólanum. Einn tengiliður er í foreldrafélaginu frá leikskólanum.

### 5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarf er við grunnskóla hverfisins þ.e. Hamraskóla. Samstarfið byrjaði formlega 1999 og hefur verið í stöðugri þróun. Mörg samstarfsverkefni og heimsóknir eru hjá skólunum. Má þar nefna:

- Gagnkvæmar heimsóknir elstu barna leikskólans og yngstu barna grunnskólans.
- Leikskólabörnin fóru í níu heimsóknir í grunnskólann ári 2014-2015, og eina heimsókn í frístundastarfið.
- Leikskólabörnin og börnin í 1. bekk hittast á grunnskólalóðinni og fara í leiki.
- Nemendur í 4. bekk grunnskólans lesa fyrir börn í leikskólanum á degi ísl. tungu.
- Nemendur í 6. bekk grunnskólans aðstoða leikskólabörnin í desember í heimsókn í

Húsdýragarðinn.

- Fundur er með foreldrum elstu barna leikskólans í grunnskólanum, það er samstarf beggja skólustjóra og m.a. rætt um væntanlega grunnskólagöngu.
- Vorskóli fyrir þau börn sem eru skráð í grunnskólann, 1. bekkur í grunnskólanum kemur í heimsókn í leikskólann á meðan.

Leikskólakennarar og grunnskólakennarar hittast að hausti og gera samstarfsáætlun fyrir árið.

Skil upplýsinga um börnin frá leikskólanum til Hamraskóla (og annarra skóla) var sett í fastari verklag.

Upplýsingafundur er með foreldrum og fulltrúa nýja skólans, þar sem farið er yfir stöðu barnsins.

Áður hefur kennari sett á blað upplýsingar og sent til foreldra ásamt kynningar- og fundarboði.

Barnið svarar spurningum hjá kennara um væntingar og gefur upplýsingar til grunnskólans – ef það vill – um sína eiginleika. Þetta blað fær fulltrúi grunnskólans ásamt áður nefndum upplýsingum sem settar eru fram á fundinum. Sjá fyrirkomulag, bréf til foreldra, eyðublað v/upplýsingar og spurningar barna í fylgiskjöllum.

Samkvæmt tilmælum frá SFS á að gera „samstarfsáætlun leik- og grunnskóla um mál og læsi“.

Sjá í kafla 6 fylgiskjöl.

- Leikskólustjóri hefur verið í sambandi við skólustjóra grunnskóla hverfisins (Hamraskóla) vegna þessarar áætlunar. Það kom fram hjá skólustjóra Hamraskóla að ekki er gerð krafa í starfsáætlun grunnskólans um áætlun með þessum hætti. Þar er eingöngu óskað eftir „samstarf við leikskóla“ án frekari skýringa eða útlistunar. Því telur leikskólustjóri (Lilja Eyþórsdóttir) ekki vera um sameiginlegt verkefni að ræða og því ekki ástæða til að skila inn áætlun um ofantalið. Hins vegar þá er mikið og gott samstarf milli skólanna um samskipti barnanna í leikskólanum og grunnskólanum eins og sjá má hér að ofan.

#### **5.4 Almennar upplýsingar**

Skipulagsdagar 2015-2016

- Föstudagur 9. október – sameiginlegur dagur skóla í Grafarvogi
- Mánudagur 23. nóvember – sameiginlegur dagur skóla í Grafarvogi
- Þriðjudagur 12. janúar eftir hádegi – frá kl. 12.00
- Miðvikudagur 24. febrúar – sameiginlegur dagur skóla í Grafarvogi
- Miðvikudagur 20. apríl – fyrirhuguð námsferð starfsmanna til Bretlands
- Föstudagur 22. apríl – fyrirhuguð námsferð starfsmanna til Bretlands
- Föstudagur 20. maí eftir hádegi – frá kl. 12.00

Leikskólinn aðlagði sína daga að áætlun grunnskóla í hverfinu.

Það getur verið erfitt að samræma skipulagsdaga leikskólans við grunnskólana, vegna ólíkra þarfa og aðstæðna í skólstarfinu fyrir undirbúning starfsins.

Grunnskólar hafa 13 skipulagsdaga yfir árið og nokkra skerta daga að auki.

## 6. Fylgiskjöl

### 6.1 Matsgögn

- **Fylgiskjal 1** - Mat á vetrarstarfinu – fyrirkomulag á mati í starfsmannahópnum.

Að auki voru notuð eftirfarandi stöðluð matsgögn:

- Félagsfærnilisti – staðlaður listi frá SFS – fyrir öll börn.
- Íslenski þroskalistinn – þroskalisti útg. af Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála - fyrir næst elsta árgang.
- Hljóm 2 – skimunartæki v/hljóð- og málvitund barna útg. af Námsmatsstofnun – fyrir elstu börnin.
- Jákvæð og glaðleg samskipti – skráningarblað starfsmanna og spurningar í umræðumati á deildarfundum, er í fylgiskjölum í starfsáætlun 2014-2015.
- Þjóðsagan, stöðumat – spurningar í umræðumati hjá deildum, er í fylgiskjölum í starfsáætlun 2014-2015.

### 6.2 Leikskóladagatal

- **Fylgiskjal 2** – Dagatal leikskólans.
- **Fylgiskjal 3** – Dagatal foreldra.

**6.3 Áætlun leikskólans um framkvæmd læsisstefnu leikskóla *Lesið í leik*, aðeins þeir leikskólar sem eiga eftir að skila**

- Skilað með síðustu starfsáætlun.

**6.4 Samstarfsáætlun leik- og grunnskóla um mál og læsi, aðeins þeir leikskólar sem eiga eftir að skila**

- Sjá nánar í kafla 5.3

**6.5 Jafnréttisáætlun leikskólans og framkvæmdaráætlun hennar eða framkvæmdaáætlun við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar**

- **Fylgiskjal 4** - Búið að skila til jafnréttisstofu Reykjavíkurborgar – desember 2014 og fá umsögn um samþykki.

### 6.6 Umsögn foreldraráðs

- **Fylgiskjal 7**

### 6.7 Annað

- **Fylgiskjal 5** – Elstu börnin, skólaskil.
- **Fylgiskjal 6** – Umsögn foreldraráðs um nýja skólanámskrá Klettaborgar.

F. h. leikskólans Klettaborgar  
september 2015

Lilja Eyþórsdóttir  
Leikskólastjóri

## Fylgiskjal 1 -- Mat á vetrarstarfinu 2014-2015 – einstaklingsvinna

Nafn: \_\_\_\_\_

Hver starfsmaður svarar þessu einstaklingslega – nota stikkorð – ef vantar pláss – skrá þá á bakhliðina. **Skilað til leikskólastjóra í tölvutæku formi – sjá eyðublað í tölvupósti.**

- ✓ 1. Hvað hefur verið ánægjulegt í starfinu í vetur
- ✓ 2. Hvað hefur gengið vel af þeim verkefnum sem eru í starfsáætluninni --- hvers vegna hefur það gengið vel
- ✓ 3. Hvað í starfsáætluninni hefur ekki gengið samkvæmt áætlun – hvers vegna
- ✓ 4. Hvað í vetur hefur verið erfitt í starfinu – hvað getum við lært af því – hvernig getum við brugðist við því ef það verður aftur næsta vetur
- ✓ 5...umbótaþættir út frá starfáætlun þessa vetrar
- ✓ 6. Hugmyndir að verkefnum – áherslum fyrir næsta vetur
- ✓ 7. Hvað í nýrri námskrá eigum við að setja í vinnu hjá okkur – áhersla – umbætur
- ✓ 8. Hvað langar þig að vinna með eða vinna að eða koma með í leikskóstarfið fyrir börnin næsta vetur
- ✓ 9. Hvaða fræðslu telur þú að sé þörf á fyrir þig og/eða starfsmannahópinn fyrir næsta vetur

### **Fyrirkomulag á matinu**

Hver starfsmaður fyllti þetta eyðublað út einstaklingslega undir nafni – tími til þess er um 45 mínútur.

Þessu blaði er skilað til leikskólastjóra eftir hópvinnu.

Eftir einstaklingsvinnuna:

- skipt í hópa ca 6-8 starfsmenn í hóp
- farið yfir það sem hver starfsmaður hafði fram að færa, hópstjóri skráir niður það sem fram kemur
- allir koma saman og kynntar eru niðurstöður úr hópum
- leikskólastjóri tekur saman allar niðurstöður hvers starfsmanns, einnig niðurstöður úr hópum – sett inná kaffistofu til skoðunar/umfjöllunar

Á næsta skipulagsdegi/fundi – er aftur skipt í hópa og hver hópur fer yfir niðurstöður og tekur þau atriði sem þeim finnst mikilvægust í umbótaáætlun, áherslur fyrir næsta vetur og fræðslu sem þeir telja að skipti máli þ.e. spurningar nr. 5, 6, 7, 8 og 9

Samantekt úr þeirri vinnu í höndum leikskólastjóra sem heldur fundi með starfsmönnum og í framhaldi af því er gerð umbótaáætlun og áherslur fyrir næsta vetur.

## Fylgiskjal 2 -- Dagatal leikskólans 2015-2016

<b>Skipulagsdagar</b>	<b>Foreldrafundir Foreldraviðtöl</b>	<b>Foreldrakaffi Opið hús Afa og ömmu kaffi</b>
9. október '15 – allan daginn	<u>6. okt.</u> fundur foreldra barna á Hrafna- og	6. okt. – afa og ömmu kaffi kl.15.15
23. nóv. 15 – allan daginn	Kríukletti kl. 8,30-9,15	22. jan. – pabbar í morgunmat
12. jan. '16 – eftir hádegi	<u>7. okt.</u> fundur foreldra	19. feb. – mömmur í morgunmat
24. febrúar '16 – allan daginn	barna á Fálka- og	12. maí - opið hús síðdegis
20. apríl '16 – allan daginn	Arnarkletti kl. 8,30-9,15	25. maí – elstu börnin kveðja
22. apríl '16 – allan daginn	<u>19. jan.</u> fundur foreldra	
20. maí '16 – eftir hádegi	elstu barnanna. Foreldraviðtöl eru í október og jan.-mars.	

Dagsetningar eru með fyrirvara um breytingu – allir viðburðir eru auglýstir nánar með tímasetningu. Þegar skipulagsdagur er eftir hádegi, þarf að sækja börnin kl. 12.00

### **Fundur starfsmanna:**

Deildarstjórafundir eru á mánudögum. Tímasetning fer í umbótaáætlun

Deildarfundir eru tvisvar í mánuði fyrir hverja deild. Tímasetning fer í umbótaáætlun

Starfsmannafundir utan vinnutíma kl. 17.00-18.45: einn að hausti og einn að vori – tímasetning ákveðin síðar.

Einnig er vísað í dagatal foreldra þar sem ýmsir viðburðir eru út frá starfi með börnunum.

## Fylgiskjal 3 -- Dagatal foreldra 2015-2016

Ágúst -September	Október	Nóvember	Desember
<b>7.-11.. september</b> Græn vika <b>16. sept.</b> Dagur ísl. náttúru <b>23. sept.</b> Jafndægur að hausti <b>25. sept.</b> Höfuðfatadagur	<b>6. okt.</b> Ömmu og afa kaffi, síðdegis kl. 15,15-16,30 <b>Foreldrafundur</b> verða að morgni kl. 8.30-9.15 <b>6. okt.</b> fyrir foreldra barna á Hrafna- og Kríukletti <b>7. okt.</b> fyrir foreldra barna á Fálka- og Arnarkletti <b>9. október – skipulagsdagur allan daginn</b> <b>12.-16. október</b> Bleik vika <b>16. okt.</b> Bleikur dagur <b>6. –3 1. okt.</b> Foreldraviðtöl á deildum <b>23. október</b> 1. vetrardagur v/24.okt. <b>27. október</b> Bangsadagur og náttfataball	<b>2.-6. nóv</b> Munstur vika <b>8. nóv.</b> Feðradagur <b>16. nóvember</b> Bókadagur v/dagur ísl. tungu <b>23. nóvember – skipulagsdagur allan daginn</b>	<b>1. desember</b> fyrir hádegi 1.des. hátíð <b>7.-11. desember</b> Rauð vika <b>Jóladagskrá</b> allan desember Dagskrá verður send heim þar sem tilgreindir eru ýmsir viðburðir og fræðsluáherslur t.d. jólaball m/gesti, kirkjuferð, ferð í Húsdýragarðinn ath. það fara ekki öll börn í kirkjuferð og húsdýragarðinn <b>11. desember</b> Jólasveinahúfu- dagur <b>22. des.</b> vetrarsólstöður

Janúar	Febrúar	Mars - apríl	Maí	Júní
<b>6. janúar</b> Prettándaball v/jólin kvöð <b>12. janúar – skipulagsdagur eftir hádegi</b> <b>11.-15. janúar</b> Hvít vika <b>14. Vasaljósadgur</b> <b>18.-29. janúar</b> Arnarklettur og Fálkaklettur foreldraviðtöl <b>19. janúar</b> Foreldrafundur m/ foreldrum elstu barnanna <b>22. janúar</b> Bóndadagur þöbbum boðið í morgunmat Þorablót í hádeginu	<b>1. – 5. febr.</b> Tannverndarvika <b>6. febr.</b> Dagur leikskólans <b>10. febrúar</b> Öskudagur – furðufataball <b>8.-19. febrúar</b> Hrafnaklettur og Kríuklettur Foreldraviðtöl <b>15.-19. febrúar</b> Blá vika <b>19. febrúar</b> Konudagur 21. febr. mömum boðið í morgunmat <b>lok febrúar???</b> Góðverkavika Góðverkadagur ??? <b>24. febrúar – skipulagsdagur allan daginn</b>	<b>11. mars</b> Rugl dagur <b>14.-18. mars</b> Gul vika <b>20/21 mars</b> Jafndægur að vori <b>4.-8. apríl</b> Fjólublá vika <b>19. apríl</b> Blómaball v/ sumardagurinn fyrsti <b>20. og 22. apríl – skipulagsdagur báða dagana v/námsferð starfsmanna</b>	<b>12. maí</b> Opið hús fyrir gesti og gangandi síðdegis, verður auglýst sérstaklega <b>20. maí – skipulagsdagur eftir hádegi</b> <b>23.-27. maí</b> Appelsínugul vika <b>25. maí</b> Elstu börnin kveðja kl. 17.00 Samverustund með börnum og fjölskyldum þeirra <b>27. maí</b> Sólglæraugnad.	<b>1. júní</b> Afmæli Klettaborgar 26 ára <b>5. júní</b> Sjómannadagur <b>13.-16. júní</b> Bæjarferð v/17. júní-fræðsla fyrir eldri börnin <b>20. júní</b> sumarsólstöður <b>20.-24. júní</b> Íþróttahátíð, á góðum degi <b>24. júní</b> Jónsmessa

Litavikur – síðasta dag litavikunnar þ.e. föstudaginn, er skemmtilegt að allir sem geta, verði klæddir á einhvern hátt í samræmi við litinn.

### Fræðslustarf – áherslur deilda

Hrafnaklettur og Kríuklettur	Fálkaklettur og Arnarklettur	Annað
Eftir áramót er unnið með þjóðsögu á öllum deildum.		<a href="http://klettaborg.is">http://klettaborg.is</a>
Lögð er áhersla á að vera í hóp. Börnin eru að æfa sig að vera saman. Í vinnustundum eru börnin til skiptis í ýmsum verkefnum inni og úti. Á Kríukletti er áhersla á könnunarleikinn og á Hrafnakletti er áhersla á einingakubbana. Í samverustundum er áhersla á söng og lestur. Unnið er með þulu í hverjum mánuði.	Um haustið er byrjað á að vinna með hópefli, vináttu, samskipti og hjálpssemi. Einnig er unnið með þulu í hverjum mánuði. Veðurfræðingur á báðum deildum. Könnunaraðferðin er leiðandi í vinnu með börnunum og áhugasvið barnanna látið ráða ferðinni. Gönguferðir.	Allar deildir vinna með árstíðirnar. Um vorið er umferðarfræðsla. Þorablót er á Þorranum. Barnamenningarhátíð í Reykjavík. Skemmtiferð elstu barnanna er í maí/júní Sveitaferð í samstarfi við foreldrafélagið, annað hvert ár.
Kríuklettur og Hrafnaklettur vinna saman með ýmiss verkefni t.d. gönguferðir.	<b>Elstu börnin</b> (sem eru á síðasta ári í leikskólanum) Um haustið er byrjað að vinna með hópefli, vináttu og samskipti. Í nóvember verður byrjað á “borgarverkefni” sem unnið verður með til vors. Byrjað verður á því að skoða okkar hverfi og búsetu og í lokin er tengd saman umfjöllun um ýmsa þætti í borgarsamfélagi. Inní þetta fléttast verkefni með talnagildi, verkefni tengd hljóðgreiningu o.fl.. Inní elstu barna starfið fléttast áhersla leikskólans eftir áramót þ.e. þjóðsaga.	<b>Foreldraráð Klettaborgar Foreldrafélag Klettaborgar</b> Foreldraráð starfar samkv. lögum um leikskóla og gefur m.a. umsögn um starfsáætlun og námskrá. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins og í foreldraráðið á haustfundi foreldra í leikskólanum.  Tilgangur foreldrafélagsins er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Foreldrafélagið gefur út fréttabréf þar sem starfsemin er kynnt.

## Fylgiskjal 4 -- Jafnréttisáætlun

Leikskólinn Klettaborg Jafnréttisáætlun 2014–2015

### Jafnréttisáætlun skóla Reykjavíkurborgar.

Í samræmi við ákvæði laga jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur skólinn sig til að fara eftir Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu leikskólans.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á að Mannréttindastefnunni sé framfylgt.

Að auki mun skólinn í samræmi við 22. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum. Þá mun skólinn fræða nemendur sína um kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal nemenda skólans. Nemendum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geta leitað innan og utan skólans komi slíkt upp.

Skólinn setur sér framkvæmdaáætlun hvert skólaár þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sé árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

### Framkvæmdaáætlun v/jafnréttisáætlun Klettaborgar skólaárið 2014–2015 og 2015–2016

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Eyðublöð leikskólans uppfærð.	Eyðublöð leikskólans yfirfarin með tilliti til þess að foreldrar séu ekki kynjagreindir.	Leikskólastjóri deildarstjórar	Jafnóðum yfir árið. Haustið 2015 verður farið yfir handbækur m/ þetta í huga.
Bækur skoðaðar og greindar út frá staðalmynda-gleraugum.	Allir starfsmenn velja sér bók úr bókasafni leikskólans. Skoða, lesa og greina út frá Bechdel prófinu og/eða Mako Mori prófinu.	Deildarstjórar	Hver deild velur sér tíma og ræðir á deildarfundi.
Virk og gagnkvæm samskipti við börn og foreldra með annað móðurmál en íslensku.	Kennarar huga markvisst að því að setja orð á allar athafnir í samskiptum við börn með annað móðurmál en íslensku. Foreldrar fræddir um mikilvægi þess að nota móðurmálið í samskiptum við börn sín. Góð tæk á móðurmáli hjálpa til við íslenskunám. Boðið upp á túlk í foreldraviðtölum.	Aðst.leikskólas tjóri, allir starfsmenn	Veturinn 2014–2015
Gera „kynja-frávik“ í störfum/áhugamálum sýnileg þ.e. brjóta upp staðalmyndir.	Deildir setji upp myndir af fólki í aðstæðum t.d. störfum, áhugamálum, þar sem um hefðbundin hlutverk er að ræða og dregur fram „hitt kynið“ sem hallar á.	Deildarstjórar og allir starfsmenn	Vorið 2015
Menningarlegur margbreytileiki endurspeglar í efnivið leikskólans.	Skoða hvaða boðskapur birtist í gegnum efnivið leikskólans s.s. leikföng, bækur, spil og púsl. Leikefni bjóði upp á og hvetji til fjölbreyttrar hlutverkaskiptingar kynjanna.	Allir starfsmenn	Alltaf. Rætt á deildarfundi 2x yfir árið.

## **Fylgiskjal 5 -- Elstu börnin – skólaskil**

Ágætu foreldrar/forráðamenn

Nú er komið að því að barnið ykkar fari úr leikskóla í grunnskóla.

Þegar börn hætta í leikskóla og byrja í grunnskóla eiga persónulegar upplýsingar að fylgja þeim á milli skólastiga svo unnt sé að mæta sérhverju barni þar sem það er statt á þroskabrautinni (samkv. reglugerð nr. 869/2009 og 584/2010 með vísun í lög um leikskóla nr. 90/2008).

Skóla- og frístundasvið leggur það í hendur hvers leikskóla hvernig upplýsingum er miðlað á milli skólastiga. Við í Klettaborg teljum mikilvægt að foreldrar séu með í þessari upplýsingagjöf og geti lagt sitt sjónarmið/áherslur inn í næsta skólastig, því foreldrar eru mikilvægastir fyrir barnið, þekkja það best og fylgja því eftir í lífsins verkefnum.

Skólaskilin í Klettaborg hafa verið í þróun undanfarin ár og verða það áfram.

Fyrirkomulagið hefur þróast á þann hátt að foreldrar eru virkir í þessari upplýsingagjöf og eru boðaðir á skilafund með deildarstjóra/leikskólakennara leikskólans og fulltrúum frá Hamraskóla. Að auki áskilur leikskólinn sér rétt til að hafa sérfræðing frá skólaþjónustunni með á skilafundi einstakra barna eftir því sem við á og verða þeir foreldrar upplýstir um það fyrirfram.

Börnin fá tækifæri til að koma með upplýsingar um sig og spyrja spurninga í þessu skila-viðtali. Svör þeirra við nokkrum spurningum eru skráð niður á eyðublað sem fer til skólans. Sjá meðfylgjandi eyðublað frá barninu.

Meðfylgjandi er eyðublað „skil á milli skólastiga“. Þar hefur deildarstjóri/leikskólakennari sett inn upplýsingar um barnið. Foreldrar hafa tækifæri til að bæta við þessar upplýsingar eða koma með aðrar athugasemdir. Grunnskólinn fær þetta blað í viðtalinu ásamt niðurstöðu úr HLJÓM2 sem lagt var fyrir öll elstu börn leikskólans í vetur.

Þau börn sem hafa fengið sértæka sérfræðipjónustu, t.d. aðkomu sálfræðings eða talmeinafræðings, fá gögn með sér í grunnskólann og mun viðkomandi sérfræðingur sjá um að skila þeim upplýsingum frá sér.

Hér að neðan er fundartími fyrir skólaskilin. Því miður þá er ekki svigrúm til að breyta þessum tíma, því það þarf að samræma tímann milli skólana.

Foreldrar eru hvattir til að koma og nýta sér þetta tækifæri til að fylgja barninu sínu eftir í næsta skólastig.

Lilja Eypórsdóttir, leikskólastjóri.

Skólaskil fyrir .....

verða ..... kl.....

í leikskólanum Klettaborg

Ef foreldri sér sér ekki fært að mæta, vinsamlegast látið vita um það.

.....  
Deildarstjóri/leikskólakennari



## **Fylgiskjal 6 -- Umsögn foreldraráðs um nýja skólanámskrá Klettaborgar.**

Sent með tölvupósti 15. júní 2015

Sælar

Hér kemur umsögnin:

Foreldraráð fékk skólanámskrá til skoðunar í mars og hitti í kjölfarið leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra á fundi þar sem farið var yfir námskrá og athugasemdir foreldraráðs. Foreldraráð telur skólanámskrá Klettaborgar lýsa starfinu vel og er upplifun meðlima ráðsins af starfinu sú að það einkennist af þeim þáttum sem teknir eru fram í skólanámskrá. Mikil áhersta er lögð á faglegt starf á Klettaborg, falleg og góð samskipti barna á milli sem og milli barna og starfsfólks og gildin gleði, virðing og öryggi höfð að leiðarljósi í starfinu. Starfið með börnunum er metnaðarfullt og mikil áhersla á þátttöku þeirra og virkni og að starfið stuðli að því að efla sjálfsmynd barna og sjálfstraust til að takast á við mismundandi verkefni í daglegu lífi.

Elín Heiður Gunnarsdóttir  
Gréta María Grétarsdóttir  
Helga Enea Símonardóttir  
Jórunn Edda Óskarsdóttir  
Ólöf Ósk Óladóttir

## **Fylgiskjal 7 -- Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun 2015-2016**

Form frá Skóla- og frístundasviði fyrir foreldraráð.

### **Starfsáætlun 2015 – 2016**

### **Klettaborg**

### **Umsögn foreldraráðs**

#### **Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Elín Heiður Gunnarsdóttir**

**Gréta María Grétarsdóttir**

**Helga Enea Símonardóttir**

**Jórunn Edda Óskarsdóttir**

#### **Um starfsáætlanir leikskóla**

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahlald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundur og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

#### **Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

#### **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

#### **Umsögn foreldraráðs:**

Foreldraráð leikskólans Klettaborgar hefur haft starfsáætlunina til umsagnar og telur að hún lýsi vel því starfi sem fram fer í leikskólanum. Starfsáætlunin er vel unnin, metnaðarfull og í samræmi við gildi leikskólans: Gleði, virðing og öryggi. Ýmsar nýjar áherslur verða sýnilegri 2015-2016 og verður áhugavert að fylgjast með þeim verkefnum; Verkefnið Jákvæð og glaðleg samskipti starfsmanna við börn verður spennandi að sjá hvernig þróast auk Ferilmöppu sem gerð verður fyrir hvert barn og mun væntanlega gera leikskólastarfið sýnilegra fyrir barnið og fjölskyldu þess.

Við lestur starfsáætlunarinnar er það því miður áberandi hvað faliðun hefur verið að hafa mikil áhrif bæði á starfsemi leikskólans og líðan starfsmanna í kjölfarið. Augljóst dæmi er raunfjöldi deildarfunda samanborið við áætlaðan fjölda. Það verður áhugavert að sjá hvort þær umbætur sem leikskólinn er með planaðar muni skila árangri. Þessi faliðun virðist einnig hafa áhrif á að starfsánægja er að mælast minni á Klettaborg en áður vegna aukins álags og er það þarft umhugsunarefni. Svo virðist vera að almennt megi forföll vera lítil til að áætlanir gangi upp. Vegna sérstakra aðstæðna á síðasta ári var utanumhald starfsmanna minna en áður og vonandi að það fari fljótlega aftur í sama horf og var. Mikilvægt er að halda góðum starfsanda því það skilar sér til barnanna okkar.

Klettaborg er góður staður þar sem vel er hugsað um börnin okkar og okkur líður vel með að treysta starfsfólki skólans fyrir börnunum sínum og vita að þau eru í góðum höndum.